skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Vetrarlíf

Keppir í Köben
Ýr Þrastardóttir sýnir á tískuvikunni í Kaupmannahöfn.
allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
27. janúar 2011
22. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Hlaut Dimmalimm
Karl Jóhann Jónsson verðlaunaður fyrir bók sína Sófus og svínið.
tímamót 20

Baltasar í New Orleans
Baltasar Kormákur er ánægður með samstarfið við Mark Wahlberg.
fólk 38

Róbert bætti met
Róbert Gunnarsson er markahæsti línumaður íslenska handboltalandsliðsins.
sport 34

veðrið í dag

RIGNING með köflum sunnan- og vestanlands en þurrt að mestu norðaustan og austan til. Strekkingur norðvestanlands og með suðausturströndinni, annars hægari vindur.

VEÐUR 4

Kjörstjórn ætlar ekki að tjá sig um ákvörðun Hæstaréttar

Landskjörstjórn lítur ekki á sig sem aðila að ógildingarmáli Hæstaréttar og telur í því ljósi óeðlilegt að tjá sig um það. Sjónarmið um afsögn voru rædd á fundi landskjörstjórnar í gær en engar ákvarðanir teknar.

STJÓRNSÝSLA Hvorki landskjörstjórn né einstakir kjörstjórnarmenn ætla að tjá sig efnislega um þá ákvörðun Hæstaréttar að ógilda kosningu til stjórnlagaþings.

Ákvörðun þar um var tekin á fundi landskjörstjórnar í gær. Á honum fóru kjörstjórnarmenn yfir málið í heild og skiptust á skoðunum um það, að sögn Ástráðs Haraldssonar, formanns landskjörstjórnar. „Við [landskjörstjórn] erum ekki aðili að þessu máli. Við erum hluti af stjórnsýslukerfinu og það gengur ekki upp að við förum að ræða þetta mál efnislega eða eftir atvikum að standa í einhvers konar debat eða stælum við Hæstarétt. Að minnsta kosti teljum við að það gangi ekki upp og því sé langeðlilegast að við tjáum okkur ekki efnislega um málið," segir Ástráður.

Spurður hvernig vera megi að landskjörstjórn sé ekki aðili að málinu segir Ástráður að upplýsingagjöf kjörstjórnar til Hæstaréttar út af málinu byggi á upplýsingagjöf stjórnvalds sem hafi tilteknu hlutverki að gegna samkvæmt lögum. Landskjörstjórn hafi ekki verið að sækja mál eða verja. Spurður hvort Hæstiréttur hafi ekki verið að fjalla um störf landskjörstjórnar, segir Ástráður að svo hafi verið að hluta til. Á fundinum í gær voru rædd sjónarmið um afsögn landskjörstjórnar. Um þau segir Ástráður: „Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um afsögn en sjálfsagt hugsa einstakir landskjörstjórnarmenn um það hver fyrir sig." Sjálfur hefur hann velt afsögn fyrir sér. „En ég hef ekki tekið ákvörðun um að segja af mér."

Enn fremur var á fundinum fjallað um kjörbréf stjórnlagaþingmanna en að sögn Ástráðs ógiltust þau við ákvörðun Hæstaréttar.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mun á þingfundi í dag flytja skýrslu um framkvæmd stjórnlagaþingskosningarinnar.

Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sagði í gær að allsherjarnefnd myndi fara yfir málið með helstu sérfræðingum og þeim sem stóðu að framkvæmd kosninganna. Það bíði svo hinnar pólitísku forustu í þinginu að leggja línur um framhaldið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er á þeim vettvangi þegar hafin vinna við að meta hvort hyggilegra sé að þingið beiti sér fyrir því að stjórnlagaþing geti starfað að gerðum lagabreytingum eða að efnt verði til nýrra kosninga.

- bþs / sjá síðu 6

BOXAÐ Í BÍÓ Hnefaleikafélag Reykjavíkur og Mjölnir stóðu fyrir skemmtilegri uppákomu á forsýningu kvikmyndarinnar The Fighter í Háskólabíói í gær. Þar áttust við nokkrir valinkunnir bardagakappar, en hér sjást þeir Steinar Thors og Sigurjón Arnarsson eigast við.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Halldór Helgason á X Games:

Stofna eigið snjóbrettamerki

FÓLK Snjóbrettakapparnir Halldór og Eiríkur Helgasynir hafa stofnað nýtt snjóbrettafyrirtæki, Lobster. „Þetta er allt að byrja, svo er bara að sjá hvað gerist," segir Halldór.

HALLDÓR HELGASON

Hann keppir á Winter X Games í Aspen í Bandaríkjunum um helgina. Þetta er í annað sinn sem hann tekur þátt en í fyrra vann hann til gullverðlauna á mótinu.

Halldór hefur atvinnu af snjóbrettaíþróttinni og ræðir um það í sérblaðinu Vetrarlíf sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

- sg / sjá Vetrarlíf

Vinnandi föngum fjölgar og greidd laun frá ríkinu aukast um milljónir milli ára:

Tvímennt í öllum fangelsum

FANGELSISMÁL Greidd laun til fanga frá Fangelsismálastofnun jukust úr 44 milljónum árið 2009 í um 50 milljónir árið 2010. Föngum á landinu hefur fjölgað um tæp sjö prósent milli ára, fyrst og fremst vegna tilkomu fangelsisins við Bitru. Öll fangelsi landsins eru yfirfull og eru dæmi um að mönnum sé beinlínis vísað frá.

Alls eru 165 fangar í afplánun í fangelsum ríkisins. Heildarfjöldi fanga er 189, þar af 177 karlar og 12 konur. Gert er ráð fyrir 150 afplánunarplássum í þeim sex fangelsum sem starfrækt eru. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir bráðliggja á því að opna nýtt fangelsi. Tvímennt hefur verið í öllum fangelsum á einhverjum tímapunkti. Er þá aukarúm fært inn í klefa sem einungis er ætlaður fyrir einn fanga. Slíkt sé ekki boðlegt fyrir nokkurn mann.

Mun fleiri fangar stunda nám en áður, sem Fangelsismálastofnun greiðir þóknun fyrir, en einnig hafa fleiri fangar tekið að sér ýmis störf innan fangelsanna. Launataxti fanga hefur haldist óbreyttur síðan í febrúar árið 2008 en stjórnvöldum ber að endurskoða taxtann einu sinni á ári.

- sv / sjá síðu 10

LYFJA – Lifið heil
Hjá okkur er opið alla daga
langt fram á kvöld
kl. 7-1 í Lágmúla kl. 8-24 á Smáratorgi
www.lyfja.is
ÍSLENSKA SÍA IS LYF 52431 11/10

SPURNING DAGSINS



Helga, heldurðu að þetta muni hafa stefnumótandi áhrif á þig?

„Já, stefnumótin eru mikilvæg til að forða mér frá einstefnu.“

Helga Marín Bergsteinsdóttir hefur einsett sér að fara á 101 stefnumót með jafnmörgum mönnum frá ólíkum menningarheimum á einu ári. Helga heldur fyrirlestur í Heilsuborg 8. febrúar.

Þingmaður Sjálfstæðisflokksins gerði mistök í atkvæðagreiðslu um stjórnlagaþing:

Jón sagði já en meinti nei

ALÞINGI Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gerði mistök þegar atkvæði voru greidd um frumvarp til laga um stjórnlagaþing aðfaranótt 16. júní síðastliðið sumar. Jón var eini þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem greiddi atkvæði með málinu. Óli Björn Kárason sagði nei en aðrir þingmenn flokksins sátu hjá eða voru fjarverandi atkvæðagreiðsluna.

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um hvernig sjálfstæðisþingmenn ráðstöfuðu atkvæðum sínum.

„Það hafa átt sér stað mistök í atkvæðagreiðslunni,“ sagði Jón í samtali við blaðið. „Ef ég hef greitt atkvæði með, sem allt bendir til, þá voru það mistök.“

JÓN GUNNARSSON

Já-atkvæði Jóns var í hróplegu ósamræmi við ræðu hans um málið fjórum dögum fyrir atkvæðagreiðsluna. Í henni lýsti hann þeirri skoðun Sjálfstæðisflokksins að fresta bæri umfjöllun um málið. Hann fór hörðum orðum um vinnubrögðin, sagði málið keyrt áfram og fjölmörgum spurningum væri ósvarað. „Það er óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að málið hafi verið sett fram í miklu óðagoti og taugaveiklun á síðustu dögum þingsins,“ sagði Jón í ræðunni.

Að hans ósk eru starfsmenn Alþingis að skoða atkvæðagreiðsluna. „En þetta breytir engu um niðurstöðu málsins, ef þetta hefði verið tæpt hefðu menn eflaust verið betur á vaktinni, en svona getur gerst.“ - bþs

Kynningarherferð í bígerð:

Rafræn skilríki eru 55 þúsund

UPPLÝSINGATÆKNI Handhafar rafrænna skilríkja hér á landi eru um 55 þúsund talsins, að því er fram kemur í tilkynningu Auðkennis og fjármálaráðuneytisins.

Fram kemur að búist sé við því að útbreiðsla og notkun rafrænna skilríkja fari ört vaxandi, en á næstu dögum fari í gang kynningarherferð um gildi þeirra og notkun. Útbreiddasta notkun rafrænna skilríkja er sögð í formi debetkorta; rafræn skilríki sem gefin séu út á nýjum debetkortum uppfylli evrópskar lagareglur. - óká

Heimild til greiðslu bætt við:

Icesave úr nefnd

ALÞINGI Meirihluti fjárlaganefndar afgreiddi frumvarpið um Icesave úr nefndinni í gær.

Meirihlutinn gerir þá breytingu eina á frumvarpinu að við það bætist heimild til að greiða út þá fjárhæð sem samningur Íslendinga við Breta og Hollendinga gerir ráð fyrir að verði greidd á árinu. Stafar það af því að ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárlögum. Samkvæmt áætlunum nemur fjárhæðin 26 milljörðum króna.

Fulltrúar Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar voru andsnúnir því að málið færi út úr nefndinni en Sjálfstæðisflokkurinn sat hjá.

Reiknað er með að önnur umræða um Icesave hefjist í næstu viku. - bþs

Boða til verkfalls á miðri loðnuvertíð

Bræðslumenn í Afli og Drífandi boða til verkfalla í febrúar. Atvinnurekendur segja aðgerðirnar ólöglegar og hafa kært til félagsdóms. Verkfall getur haft mikil áhrif á loðnuvertíðina. Afl segir bræðslumenn ekki vera hátekjufólk.

KJARAMÁL Starfsfólk í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi og í Vestmannaeyjum samþykkti í atkvæðagreiðslu í gær að boða til verkfalls í næsta mánuði.

SVERRIR MAR ALBERTSSON

Fyrst verður vinna stöðvuð í þrjá daga frá 7. febrúar og svo aftur frá 14. febrúar og loks um ótilgreindan tíma frá og með 21. febrúar.

Um er að ræða 80 til 90 félagsmenn í Afli á Austurlandi og Drífandi í Vestmannaeyjum. Ef til verkfallsins kemur mun það hafa mikil áhrif á loðnuvinnslu á besta tíma vertíðarinnar.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa þegar vísað málinu til félagsdóms. Á vef SA segir að samtökin líti svo á að „samningur við félögin sé ekki sjálfstæður kjarasamningur sem fylgi verkfallsheimild heldur sé hann hluti af aðalkjarasamningi við viðkomandi félög“.

Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri Afls á Austurlandi, segir að kröfur starfsfólks mjölverksmiðjanna séu tvíþættar.

„Fyrst og fremst krefjumst við þess að samningurinn við okkur sé viðurkenndur sem fullgildur sérkjarasamningur. Svo erum við með kröfu um hækkun í launatöflu þar sem grunnlaun bræðslumanns með sjö ára starfsreynslu og námskeið eru 236.000 krónur á mánuði.“

Sverrir vísar á bug þeim sögusögnum um að starfsfólk fiskimjölsverksmiðja sé hálaunafólk.

LOÐNU LANDAÐ Í NORÐFIRÐI Ef til verkfalls kemur mun það hafa mikil áhrif á loðnuvinnslu á besta tíma vertíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **27%** Launahækkun er krafa bræðslumanna. „Á meðan er tekjuaukning bræðslnanna, meðal annars út af gengishagnaði, upp á 50 til 60 prósent.“
>
> SVERRIR MAR ALBERTSSON

„Vissulega geta okkar menn haft góðar tekjur, en þegar svo er moka bræðslurnar inn peningum. Á slæmum árum geta starfsmenn hins vegar verið á grunnlaunum nær allt árið.“

Sverrir segir kröfu starfsmanna vera 27 prósenta launahækkun.

„Á meðan er tekjuaukning bræðslnanna, meðal annars út af gengishagnaði, upp á 50 til 60 prósent. Það eru peningar sem renna beint í vasana á eigendum verksmiðjanna og okkar menn vilja bara fá hlutdeild í þeim hagnaði.“

Mikil harka er hlaupin í kjaraviðræður á landinu þar sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsti því yfir í gær að sambandið hafi hætt þreifingum við SA um gerð kjarasamnings og hvetur aðildarfélög sín til þess að gera kjarasamninga til skamms tíma.

thorgils@frettabladid.is

OBAMA FLYTUR STEFNURÆÐUNA Joe Biden varaforseti og John Boehner, nýr forseti fulltrúadeildar. NORDICPHOTOS/AFP

Obama vill samstarf:

Fær samstarf um niðurskurð

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti hvatti þingmenn beggja flokka til að taka saman höndum í þágu framtíðar, framfara og atvinnusköpunar í stefnuræðu sinni, sem hann flutti á þriðjudagskvöld.

„Verkefnin sem við stöndum frammi fyrir eru stærri en stjórnmálaflokkur, stærri en stjórnmálin,“ sagði hann.

Nýr meirihluti repúblikana í fulltrúadeild Bandaríkjaþings er hins vegar staðráðinn í að beita áhrifum sínum til að draga úr umsvifum ríkisins.

„Ég fullvissa ykkur um að við viljum vinna með forsetanum að því að skera niður útgjöld hins opinbera,“ voru fyrstu viðbrögð þeirra við ræðunni. - gb

Umboðsmaður skuldara:

1.500 bíða eftir greiðsluaðlögun

EFNAHAGSMÁL Fimmtán hundruð manns bíða eftir því komast í greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Í frétt um Stöðvar 2 í gær kom fram að fjöldi mála hefði nær tvöfaldast á fjórum mánuðum.

ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR

Um 1.000 umsóknir bárust til umboðsmanns eftir að lögum um greiðsluaðlögun var breytt um miðjan október. Samkvæmt þeim hefst frestun greiðslna við móttöku umsóknar.

Fólk sem fær afgreiðslu sinna mála í dag hefur beðið í um átta mánuði, en vonast er til þess að þeir sem sækja um í dag þurfi ekki að bíða lengur en fjóra til fimm mánuði. - þj

Skipt um nafn á samtökum:

Vilja höfða til allra vistbarna

SAMFÉLAGSMÁL Breiðavíkursamtakökin munu héðan í frá kallast Samtök vistheimilabarna.

Þetta var ákveðið á aðalfundi samtakanna í vikunni. Samtökin segja nafnabreytinguna lið í frekari útvíkkun samtakanna. Reynslan hafi sýnt að það hefur hamlað vexti samtakanna að kenna þau við eitt vistheimili. - þj

Enginn starfsmaður Seðlabankans er grunaður í máli Landsbankans:

Seðlabankamenn yfirheyrðir hjá sérstökum saksóknara

LÖGREGLUMÁL Nokkrir starfsmenn Seðlabanka Íslands hafa mætt til skýrslutöku hjá sérstökum saksóknara vegna rannsóknar embættisins á málefnum Landsbankans, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Skýrslur af flestum voru teknar í síðustu viku en Sigurður Sturla Pálsson, yfirmaður alþjóða- og markaðssviðs, var boðaður til yfirheyrslu á mánudegi. Hann var staddur erlendis þegar sérstakur saksóknari réðst í aðgerðir sínar á fimmtudaginn var.

Meðal annars var farið í húsleit í Seðlabankanum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefði ekki

SIGURÐUR STURLA PÁLSSON Yfirmaður alþjóða- og markaðssviðs hefur ásamt fleiri starfsmönnum bankans mætt í skýrslutöku.

stoðað að óska einfaldlega eftir upplýsingum úr bankanum, enda eru þær varðar með bankaleynd og hefðu því ekki fengist afhentar nema að fengnum úrskurði dómstóla.

Enginn starfsmaður Seðlabankans er með réttarstöðu grunaðs manns, samkvæmt heimildum blaðsins, heldur eru allir fengnir til að vera vitni í málinu, einkum um tæknileg atriði.

Málið snýst um millifærslur á fimmtán milljörðum út af reikningum Landsbankans í Seðlabankanum til MP banka og Straums. Starfsmenn Seðlabankans þurftu ekki að hafa milligöngu um millifærslurnar, heldur gátu reikningshafar séð alfarið um þær. - sh

EGGER

1.190 kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Plastparket
3ja stafa Eik,
146956

Innimálning
Hvítt, gljástig 10, 3 ltr.
7119960

3 ltr.
1.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

HÚSASMIÐJAN
INNI MÁLNING

LÆGRA VERÐ
Í HÚSASMIÐJUNNI

RÝMINGARSALA Á VÖLDUM LJÓSUM

7.379,-
~~24.595,-~~

Útiljós Edinburgh
16 Led.
6003140

5 ára ábyrgð

64.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Amica
5 ára ábyrgð

Eldvél
Amica,60 cm
með steyptum hellum.
1850529

5 ára ábyrgð

54.890,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Frigor
5 ára ábyrgð

Kælir/frystir
Frigor, 221 ltr.
143x58x55
1805498

6.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

EMMEVI
ÍTÖLSK GÆÐI

Handlaugartæki
Winny m/lyftitappa.
7900012

cersanit

Handlaug
Cersanit.
350x305 mm
8077600

4.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Juðari
Power Plus 135W
5245212

1.699,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

599,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Verkfærataska
Opin 2 hólf.
5024515

1.799,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Stingsög
Power Plus, 350W.
5245207

Látum verkin tala!

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 26.01.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,77	116,33
Sterlingspund	183,65	184,55
Evra	158,67	159,55
Dönsk króna	21,286	21,410
Norsk króna	20,163	20,281
Sænsk króna	17,874	17,978
Japanskt jen	1,4083	1,4165
SDR	180,88	181,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,2974

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tugmilljarðatilboð í verksmiðjur Icelandic Group á borði Framtakssjóðsins:

Triton bíður lokasvara um IG

VIÐSKIPTI Evrópska fjárfestingarfélagið Triton telur verksmiðjustarfsemi Icelandic Group (IG) vera fyrirtaks fjárfestingarkost til lengri tíma og er því tilbúið að greiða fyrir það hátt verð.

Þetta segir Carl-Evald Bakke-Jacobsen í samtali við Fréttablaðið, en hann er meðeigandi að Triton og fer fyrir félaginu í samningaviðræðum við Framtakssjóð Íslands um kaupin.

Um er að ræða verksmiðjur í Evrópu, Asíu og Ameríku, en sölukerfið og vörumerkið IG verða áfram í eigu Íslendinga. Áætlað hefur verið að Framtakssjóðurinn hafi greitt um 40 milljarða fyrir IG. Þegar hefur borist 52 milljarða boð í fyrirtækið en samkvæmt því sem fram hefur komið í Fréttablaðinu er tilboð Triton hærra.

BÍÐA SVARS Bakke-Jacobsen fer fyrir Triton í samningum um kaup á verksmiðjum Icelandic Group. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Takmark okkar er ekki bara að kaupa framleiðsluhluta IG heldur að koma upp sjávarútvegsfyrirtæki á heimsvísu."

Bakke-Jacobsen segir undirbúningi lokið af hálfu Triton og beðið sé ákvörðunar Framtakssjóðsins. „Ég tel afar mikilvægt að málið verði leitt til lykta fljótlega."

Stjórn Framtakssjóðsins fundar í dag og gætu málin skýrst í framhaldinu. - þj

Matfugl innkallar kjötbollur:

Óttast aðskotahlut í pakka

NEYTENDUR Matfugl hefur innkallað kjötbollupakka í kjölfar þess að neytandi kvartaði til Matvælastofnunar vegna aðskotahlutar í pakka af Ali-kjötbollum. Ákvað fyrirtækið, í samráði við Matvælastofnun, að innkalla alla eins kílós pakka af Ali-kjötbollum sem hafa „best fyrir" dagsetninguna 15. september næstkomandi.

Neytendur eru beðnir um að skila pökkunum í næstu verslun eða beint til framleiðanda. Búið er að taka vöruna af markaði. - sv

Þungar sakir á Alþingi:

Baðst afsökunar á ummælum

STJÓRNMÁL Vigdís Hauksdóttir, alþingismaður Framsóknarflokks, baðst í gær afsökunar á því að hafa sagt í ræðustól fáum mínútum áður að starfsmenn tölvudeildar Alþingis hefðu tekið þátt í yfirhylmingu vegna óþekktrar tölvu sem fannst í húsakynnum þingsins. Vigdís vísaði til lagaákvæða um njósnir og landráð. Hún gagnrýndi að ríkislögreglustjóra hefði ekki verið gert viðvart heldur hafi tölvudeildin og lögreglan í Reykjavík hylmt yfir í málinu.

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagði aðfinnsluvert hjá Vigdísi að bera starfsmenn þingsins svo þungum sökum og tók Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingar og forseti Alþingis, undir með honum. - gar

HÚSNÆÐISMÁL

Samstarfið staðfest

Samstarfssamningur Íbúðalánasjóðs og Félags fasteignasala var undirritaður hinn 20. janúar síðastliðinn. Með samningnum er öllum félagsmönnum Félags fasteignasala gert kleift að selja þær eignir Íbúðalánasjóðs sem eru til sölu. Félag fasteignasala sér um milligöngu milli Íbúðalánasjóðs og félagsmanna sinna vegna eignanna.

ÁRÉTTING

Í frétt blaðsins um evrópsku textílverðlaunin sem birtist í blaðinu í gær láðist að geta þess að Ásta Björk Friðbertsdóttir hannaði hluta af hárlistaverki Bjarkar Guðmundsdóttur á plötuumslagi Medúllu.

ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON Sérstökum saksóknara og starfsfólki hans er stundum borið á brýn að fara allt of seint af stað með rannsóknir. Það getur helgast af því að rannsókn FME hafi tekið langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Getur ekki rannsakað mál án kæru frá FME

Ef ekki er grunur um brot á hegningarlögum getur sérstakur saksóknari ekki rannsakað mál að eigin frumkvæði. Markaðsmisnotkun og innherjasvik utan seilingar þar til kæra berst frá FME. Mögulegur tvíverknaður, segir saksóknari.

FRÉTTASKÝRING

Hvað ræður því hvenær sérstakur saksóknari tekur mál til rannsóknar?

Embætti sérstaks saksóknara er óheimilt að hefja að eigin frumkvæði rannsókn á meintum brotum á lögum um fjármálafyrirtæki og verðbréfaviðskipti. Í þeim lögum er meðal annars kveðið á um innherjasvik og markaðsmisnotkun, sem mikið hefur kveðið að í rannsóknum embættisins.

Brot á þessum lögum „sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins," eins og það er orðað í lögunum.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari segir að þetta skýri í sumum tilfellum hvers vegna rannsóknir séu ekki farnar af stað jafnsnemma og almenningur gerir kröfu um. „Það virðast ekki vera til staðar upplýsingar úti í samfélaginu um að svona sé í pottinn búið. Okkur er stundum legið á hálsi fyrir að vera ekki að rannsaka mál sem hafa ekki verið kærð til okkar," segir hann. „En við höfumst ekkert að í sambandi við þessi brot nema það komi kæra."

Ólafur segist ekki vilja taka svo djúpt í árinni að þetta lagaákvæði standi embætti hans fyrir þrifum, en telur hins vegar að það veki upp spurningar um hugsanlegan tvíverknað sem kannski sé ekki nauðsynlegur.

„Þetta er svipað og með skattrannsóknirnar. Þar er rannsókn skattayfirvalda áskilin áður en mál getur farið til lögreglu. Þetta tengist pælingum um hvort það eigi að dengja þessu saman og láta einn aðila um að rannsaka málin frá upphafi til enda," segir Ólafur.

Sé um meint brot á almennum hegningarlögum að ræða gegnir hins vegar öðru máli. Þau má sérstakur saksóknari rannsaka án þess að kæra berist fyrst frá Fjármálaeftirlitinu. Í þeim lagabálki er að finna ýmis auðgunarbrot sem embættið hefur til rannsóknar, til dæmis umboðssvik og skilasvik.

Mörg þeirra mála sem embættið rannsakar snúast bæði um meint hegningarlagabrot sem og meint brot á lögum um verðbréfaviðskipti og fjármálafyrirtæki. Þegar sú staða er uppi nýta embættin tvö, sérstakur saksóknari og FME, gjarnan samstarfsheimild sem þau hafa lögum samkvæmt. Þannig geta starfsmenn saksóknara aðstoðað við rannsókn FME og öfugt. stigur@frettabladid.is

FLUGVÖLLURINN VIÐ MOSKVU Árásir á flugvöllinn undanfarin ár hafa kostað á annað hundrað manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

Medvedev kominn til Davos:

Rak yfirmann lögreglunnar

RÚSSLAND, AP Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti lét það verða sitt síðasta verk, áður en hann hélt á fund heimsviðskiptaspekinga í Davos í Sviss í gær, að reka yfirmann samgöngulögreglunnar í Moskvu.

Medvedev segir við lélega öryggisgæslu að sakast að sjálfsvígsárásarmenn hafi getað orðið 35 manns að fjörtjóni á Domodedovo-flugvelli við Moskvu á mánudag.

Í Davos reynir Medvedev að sannfæra alþjóðlega fjárfesta um að óhætt sé að fjárfesta í Rússlandi þrátt fyrir árásina. - gb

HEILBRIGÐISMÁL

Fjöldi dauðsfalla eðlilegur

Landlæknisembættið segir að fjöldi dauðsfalla á landinu í janúar sé ekki óeðlilega mikill eins og mátt hafi skilja af fréttum í útvarpi og sjónvarpi. „Nýjustu upplýsingar um fjölda dauðsfalla á þessu ári sýna engar óeðlilegar breytingar miðað við fyrri ár," segir landlæknir.

Félag einstæðra foreldra styrkir félagsmenn til náms fyrir vorönn 2011

Félag einstæðra foreldra auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr námssjóði félagsins fyrir vorönn 2011. Ákveðið hefur verið að úthluta fjórum námsstyrkjum til félagsmanna að þessu sinni.

Eitt af markmiðum félagsins er að hvetja einstæða foreldra til náms og er því kærkomið að geta veitt námsstyrki fyrir vorönn 2011.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins **www.fef.is** eða umsóknareyðublöð á skrifstofu Félags einstæðra foreldra að Vesturgötu 5, 101 R.

Fylgigögn með umsókn: Vísað er til umsóknareyðublaðs.

Umsóknarfrestur er til 10. febrúar.

Námssjóðsnefnd Félags einstæðra foreldra.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR AÐEINS
Það kólnar lítillega á landinu til morguns og má búast við éljum norðan til en slyddueljum eða skúrum sunnanlands. Á laugardag hlýnar svo heldur aftur með vaxandi vindi og rigningu sunnan- og vestanlands.



HEIMURINN

Alicante	12°
Basel	6°
Berlín	-1°
Billund	-2°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	20°
London	2°
Mallorca	13°
New York	2°
Orlando	17°
Ósló	-5°
París	2°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	-7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Drögum
á morgun
28. janúar
kl. 18.00

Átt þú miða?

NÝTT

MILLJÓNA VELTAN

10 milljóna króna vinningur á einn miða í seinni útdrætti hvers mánaðar. Vinningurinn getur stækkað um **10 milljónir** á mánuði, en gengur að fullu út í árslok.

Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir** aðeins úr seldum miðum. Í desember drögum við síðan út tíu **500.000 kr.** vinninga til viðbótar.

EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

Aðalútdráttur

hefur aldrei verið glæsilegri

Vinningshafar eru um 3.000 í hverjum mánuði.

Drögum
10.
febrúar

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

PIPAR\TBWA • SÍA • 110177

KJÖRKASSINN



Vilt þú að kosning til stjórnlagaþings verði endurtekin?

Já	32%
Nei	68%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér rétt að tengja kjaraviðræður við lagasetningu um sjávarútvegsmál?

Segðu þína skoðun á visir.is

Mótmæli gegn nýfengnum þingmeirihluta Hezbollah halda áfram í Líbanon:

Hvetja fólk til setuverkfalla

LÍBANON, AP Fares Soeid, einn af forystumönnum flokkabandalags Saads Hariris, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, hvetur almenning til að safnast saman á hverju kvöldi á torgi í Beirút til að mótmæla valdatöku Hezbollah-samtakanna, sem nú eru komin með þingmeirihluta.

Fjölmenn mótmæli hafa verið í landinu síðustu daga, stundum með harðvítugum átökum, allt frá því Najib Mikati, frambjóðandi Hezbollah, hafði fengið stuðning meirihluta þjóðþings landsins til að verða forsætisráðherra. Andstæðingar Hezbollah í Líbanon telja tengsl samtakanna við Íran allt of mikil til þess að þau geti farið ein með stjórnina. Í raun muni klerkastjórnin í Íran ráða lögum og lofum í landinu fari Hezbollah með stjórnina.

HERMENN Á GÖTUM Ströng öryggisgæsla var í landinu í gær eftir mótmælin á þriðjudag. NORDCIPHOTOS/AFP

Mikati hófst í gær handa við að mynda nýja ríkisstjórn. Hann hefur hvatt til stillingar og segist ætla að þjóna öllum íbúum landsins.

Hezbollah-samtökin eru andvíg því að dómstóll á vegum Sameinuðu þjóðanna rannsaki morðið á Rafik Harari, fyrrverandi forsætisráðherra og föður Saads, fyrir fimm árum. Samtökin neita samt allri aðild að morðinu. - gb

Tveir ákærðir fyrir líkamsárás:

Brutu glerflöskur á höfði pilts

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvo rúmlega tvítuga menn fyrir að hafa í sameiningu ráðist á pilt á Ísafirði og misþyrmt honum hrottalega, svo hann stórslasaðist.

Árásin átti sér stað aðfaranótt föstudagsins langa á síðasta ári. Annar mannanna braut glerflösku á höfði piltsins og sparkaði svo ítrekað í hann. Hinn árásarmaðurinn barði hann meðal annars með brotinni flösku. Fórnarlambið hlaut marga skurði á höfði og líkama. Hann krefur mennina um nær 1,8 milljónir króna. - jss

Forysta Kennarasambandsins:

Björg næsti varaformaður

FÉLAGSMÁL Björg Bjarnadóttir verður næsti varaformaður Kennarasambands Íslands. Tekur hún við embættinu af Elnu Katrínu Jónsdóttur á þingi sambandsins í apríl. Um leið tekur Þórður Hjaltested við formennsku af Eiríki Jónssyni.

BJÖRG BJARNADÓTTIR

Björg, sem lengi var formaður Félags leikskólakennara, var ein í framboði til varaformanns en Elna Katrín bauð sig fram til formennsku ásamt Þórði. - þþs

Dæmdur á skilorð:

Stal tækjabúnaði fyrir tæpar þrjár milljónir

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela varningi fyrir um þrjár milljónir króna.

Hann braust í félagi við annan mann inn í vélaverkstæði Heklu ehf., þar sem hann stal miklu af tölvubúnaði og ýmsu öðru að verðmæti tæplega 1,3 milljónir króna.

Þá braust hann ásamt sama manni inn í verkstæði Bræðurnir Ormsson og stal þaðan þremur flatskjáum að verðmæti tæplega 1,5 milljónir króna.

Maðurinn játaði brot sín. Brotaferill hans nær aftur til ársins 1981. - jss

Álitshnekkir fyrir íslenska lýðræðishefð

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir gagnrýndi ríkisstjórnina á Alþingi í gær vegna ógildingarmálsins. Sjálfstæðismenn sögðu málið „óboðlegt“ og „skammarlegt“. Stjórnarþingmenn segja brýnt að halda áformum um stjórnlagaþing til streitu.

STJÓRNLAGAÞING Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu ríkisstjórnina harðlega í gær vegna framkvæmdar kosninga til stjórnlagaþings sem Hæstiréttur segir ólöglegar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sagði stjórnlagaþingið eitt mikilvægasta mál ríkisstjórnarinnar. Ábyrgð stjórnarinnar í málinu hlyti því að vera mikil. Álitshnekkirinn fyrir lýðræðishefð Íslendinga væri mikill.

„Það er engin tilviljun að það gerist á vakt fyrstu hreinræktuðu vinstri stjórnarinnar,“ sagði Þorgerður og bætti við að það væri heldur engin tilviljun að í tíð þessarar ríkisstjórnar væri efnt til „fyrstu rammpólitísku réttarhaldanna“ og átti þar væntanlega við Landsdómsmálið.

Flokksbræður Þorgerðar tóku í svipaðan streng. Jón Gunnarsson sagði málið „óboðlegt“ og Sigurður Kári Kristjánsson sagði það „skammarlegt“. Guðlaugur Þór Þórðarson benti á að þetta væri í fyrsta skipti sem almennar kosningar væru ógiltar í vestrænum lýðræðisríkjum. „Hvernig ætlum við að útskýra þetta fyrir útlendingum?“ spurði Guðlaugur Þór.

RÆTT UM STJÓRNLAGAÞING Á ALÞINGI Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður sjálfstæðisflokks, sagði ábyrgð ríkisstjórnarinnar í stjórnlagaþingsmálinu mikla og málið allt væri mikill álitshnekkir fyrir íslenska lýðræðishefð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnarþingmenn sögðu að halda þyrfti áformum um stjórnlagaþing til streitu en að draga þyrfti lærdóm af ákvörðun Hæstaréttar. „Auðvitað mun það kosta peninga sem vissulega gætu farið til annarra hluta – en þó ekki brýnni hluta,“ sagði Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingar. - gar, jab

Megum ekki við fleiri uppákomum

„Þetta er gífurlegt áfall fyrir okkur. Það er djöfullegt að fara út í allan þennan kostnað og fyrirhöfn og láta svo kýla málið niður. En mér finnst niðurstaðan undirstrika að þrátt fyrir alla erfiðleika erum við í lýðræðisríki sem virðir réttarfar,“ segir Jón Hákon Magnússon, stofnandi og framkvæmdastjóri almannatengslafyrirtækisins KOM.

Hann hefur fjallað nokkuð um kynningu á Íslandi erlendis og ímynd landsins ytra.

JÓN ÁSBERGSSON

JÓN HÁKON MAGNÚSSON

Jón segir marga útlendinga, sérstaklega fjárfesta, hafa haft á tilfinningunni að hér virðist sem gerðir samningar standi ekki, kaup Magma Energy á HS Orku séu gagnrýnd og reynt að koma í veg fyrir að Alcoa byggi álver á Bakka. „En þá kemur þetta. Ég held að niðurstaðan geti styrkt okkur frekar en hitt,“ segir hann og vísar til þess að beggja vegna Atlantsála, bæði í Bandaríkjunum og í Bretlandi, uni menn niðurstöðu hæstaréttar þótt hún sé þeim ekki endilega að skapi.

„Þetta getur varla verið til að bæta ímyndina. Við megum ekki við mörgum svona uppákomum, sem virka hjákátlegar,“ segir Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu. Hann bendir á að þrátt fyrir það megi Íslendingar ekki vera of viðkvæmir enda bendi viðhorfskannanir til að ímynd Íslands í augum útlendinga sé að mestu bundin við náttúruna og náttúruleg fyrirbæri.

Rýnifundum Íslands og ESB um landbúnað lýkur í Brussel á morgun:

Rætt um vodka, kaffi og aðlögun

EVRÓPUMÁL Yfirstandandi rýnifundir Íslands og ESB um landbúnaðarmál í Brussel hafa gengið greiðlega, að mati fulltrúa Bændasamtakanna, Ernu Bjarnadóttur, en hún hefur fylgst með þeim í gegnum fjarskiptabúnað utanríkisráðuneytisins.

Meðal þess sem rætt hefur verið um eru tollar á vodka, vín, kaffi og kakó, sem allt flokkast undir landbúnaðarvörur í Evrópu.

„Þetta er miklu víðfeðmara en hér á Íslandi,“ segir Erna. „Það er til dæmis áhugavert að segja þessu fólki frá því að það eru engir tollar á matkorni sem flutt er til Íslands,“ segir hún. Á Íslandi flokkist einfaldlega sem landbúnaðarvörur matartegundir sem eru framleiddar innanlands.

ERNA BJARNADÓTTIR

Blaðið hefur greint frá því að í Brussel standi til að lýsa því yfir að íslenska kerfið verði ekki lagað að landbúnaðarstefnu ESB fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu, í takt við vilja Bændasamtakanna. Blaðið hefur ekki náð í fulltrúa Íslands ytra vegna þessa og Erna telur ekki við hæfi að hún upplýsi um hvað hefur verið sagt.

Heimildarmaður úr Stjórnarráðinu sagðist það eitt hafa heyrt að Íslendingar hefðu svarað aðlögunarspurningum ESB á íslensku og látið túlk um að koma þeim til skila. - kóþ

Elica háfar
glæsileg hönnun
og fágað yfirbragð
Platinum, Isobella, Twin, Wave og Grace háfar á tilboði*
elica COLLECTION
Verð frá kr.:
162.500
Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur
*Tilboð gildir meðan birgðir endast
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

MARBERT

GERMANY

Kynning í verslunum Hagkaups
27. janúar - 2. febrúar

Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind, Spöng og Akureyri.

20% AFSLÁTTUR AF MARBERT HREINSILÍNUNNI

TILBOÐ
Verð nú: **1.999.-**
Verð áður: **3.198.-**

TILBOÐ
Verð nú: **1.999.-**
Verð áður: **3.749.-**

TILBOÐ
Verð nú: **1.999.-**
Verð áður: **3.659.-**

Meira en 70 ára reynsla í framleiðslu og þróun.
Marbert framleiðir vörur án **parapen efna** og eru allar vörur prófaðar af húðlæknum.
Kynnið ykkur Marbert línuna hjá ráðgjöfum okkar.

Við tökum vel á móti ykkur

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða hljómsveit er að skrifa undir samning við útgáfurisann Universal?*
2. *Hvaða kvikmynd fékk tólf tilnefningar til Óskarsverðlauna?*
3. *Hvað heitir hálfsystir Opruh Winfrey?*

SVÖR
1. Retro Stefson. 2. The King's speech. 3. Patricia.

Tólf mánaða mæling vísitölu neysluverðs stendur nú í 1,8 prósentum:

Verðbólga ekki minni síðan 2004

EFNAHAGSMÁL Verðbólga hjaðnaði um 0,9 prósent í janúar samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Tólf mánaða verðbólga hefur því farið úr 2,5 prósentum í 1,8 prósent.

Hagstofan bendir á að vetrarútsölur hafi töluverð áhrif til lækkunar verðlags, auk þess sem sú breyting hafi verið gerð á samsetningu vísitölunnar að nú sé litið á útvarpsgjald sem beinan skatt í stað þjónustugjalds áður.

Fram kemur í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að hjöðnun verðbólgunnar hafi verið örlítið meiri en búist hafi verið við, en spáð hafi verið 0,6 til 0,8 prósentustiga lækkun. „Verðbólga hefur nú ekki verið minni hér á landi síðan í mars 2004, og má telja það jákvæð tíðindi fyrir skuldsett heimili," segir í umfjöllun bankans.

Í BÚÐARFERÐ Útsölur leiddu til tíu prósenta verðlækkunar á fötum og skóm, segir Hagstofa Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Greiningardeild Arion banka varar þó við því að almennir húsnæðiseigendur fagni of fljótt þar sem árstíðabundnir þættir skýri minni verðbólgu. Talsverð verðbólga sé í pípunum í febrúar og mars. „Þá má ekki gleyma því að sú hætta er fyrir hendi að gengisveiking krónunnar að undanförnu skili sér út í verðlagið á næstunni," segir greiningardeildin. **- óká**

Fjallagarpur á Íslandi:

Fyrstur á Everest án súrefnis

FÓLK Austurríski fjallgöngumaðurinn Peter Habeler heldur fyrirlestur í Háskólabíói í kvöld klukkan 20 þar sem hann segir frá göngu sinni á hæsta fjall heims, Everest. Habeler fór fyrstur manna á Everest án þess að vera með súrefniskút. Hann mun segja frá því hvernig er að halda lífi í hæð sem er flestum lífverum ofviða.

Ókeypis er inn en fyrirlesturinn er haldinn í samstarfi Félags íslenskra fjallalækna og 66°norður. - sbt

Baugur mátti ekki bæta ómak:

Karl Georg skili tíu milljónum

DÓMSMÁL Lögmanninum Karli Georg Sigurbjörnssyni hefur verið gert að endurgreiða þrotabúi Baugs Group 9,9 milljónir króna sem hann fékk greiddar sem eins konar skaðabætur um áramótin 2008 og 2009. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á þá kröfu skiptastjóra Baugs að greiðslunum skyldi rift.

Karl Georg tók að sér að hafa milligöngu um kaup á stofnfjárbréfum í Sparisjóði Hafnarfjarðar fyrir A-Holding, dótturfélag Baugs. Þau viðskipti leiddu til þess að hann var ákærður fyrir fjársvik, en síðar sýknaður. Fyrir það ómak að lenda í dómsmáli ákváðu forsvarsmenn Baugs að greiða honum milljónir í bætur, sem héraðsdómur hefur nú úrskurðað að sé óeðlilegur gjafagerningur. **- sh**

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

Líður ekki frekari mótmæli

Mubarak Egyptalandsforseti sendi þúsundir lögreglumanna út á götur til að halda íbúum í skefjum eftir fjölmennustu mótmæli sem sést hafa í landinu árum saman. Mannfjöldinn krafðist afsagnar Mubaraks.

EGYPTALAND, AP Þúsundir lögreglumanna voru sendar út á götur Kaíróborgar í gær, búnir undir óeirðir með brynvarðar bifreiðar til taks. Stjórnvöld létu þau boð út ganga að frekari mótmæli á almannafæri yrðu ekki liðin.

Mótmælin á þriðjudag voru þau fjölmennustu sem þekkst hafa í Egyptalandi árum saman. Þúsundir manna héldu út á götur Kaíró og fleiri borga og kröfðust þess að Hosni Mubarak forseti segði af sér.

Stuttu eftir miðnætti greip lögreglan til þess ráðs að nota bæði táragas og kylfur til að dreifa mannfjöldanum. Tveir mótmælendur og einn lögregluþjónn létu lífið í þeim hamagangi sem þá upphófst. Þriðji mótmælandinn lést nokkrum stundum síðar á sjúkrahúsi.

Á þriðja hundrað manns særðust í átökunum, þar af 85 lögreglumenn. Hátt í tvö hundruð manns voru handteknir.

Mubarak er orðinn 82 ára. Hann hefur stjórnað landinu í nærri þrjátíu ár og hefur nánast öll völd í hendi sér, þótt hann deili þeim formlega með forsætisráðherra.

Forsetakosningar verða haldnar í september á þessu ári. Ekki er vitað hvort Mubarak ætlar að bjóða sig fram einu sinni enn, en margir telja hann vera að búa son sinn, Gamal, undir það að taka við af sér. Þau áform mæta litlum skilningi meðal margra Egypta.

„Niður með Hosni Mubarak. Niður með harðstjórann," hrópuðu mótmælendur í Kaíró á þriðjudag. „Við viljum þig ekki."

Einn mótmælandi bar skilti þar sem á stóð: „Gamal, taktu föður þinn og farðu."

Mótmælin í Egyptalandi koma í beinu framhaldi af mótmælunum í Túnis undanfarnar vikur, þar sem Zine El Abidine Ben Ali forseti hraktist á endanum úr landi eftir rúmlega tuttugu ára einræðistíð. Hann flúði til Sádi-Arabíu með allan gullforða þjóðarinnar í farangrinum.

Víða í arabaheiminum hafa vonir vaknað um að mótmælin í Túnis ýti af stað mótmælaöldu sem velt geti einræðisherrum þessara landa af stóli, að minnsta kosti sumum hverjum. Rólegt var í Egyptalandi fram eftir degi í gær, en á fésbókarsíðum var hvatt til þess að fólk kæmi saman á ný og fylgdi eftir kröfum sínum um afsögn forsetans. **gudsteinn@frettabladid.is**

ÓSÁTTIR VIÐ LÖGREGLUNA Egyptar voru komnir út á götur aftur í gær. NORDICPHOTOS/AFP

KPMG
cutting through complexity™

Er beina brautin þín leið?

Fjárhagsleg endurskipulagning lítilla og meðalstórra fyrirtækja?

KPMG aðstoðar þig við að skoða hvaða leiðir eru í boði varðandi fjárhagslega endurskipulagningu þíns fyrirtækis og hvaða lausn er hagkvæmust.

Nánari upplýsingar veitir Svanbjörn Thoroddsen í síma 545 6220 eða í tölvupósti sthoroddsen@kpmg.is

kpmg.is

Betri notaðir bílar

TOYOTA

Við viljum kaupa bílinn þinn!

Ef þú átt Yaris, Auris, Corolla Hatchback eða Land Cruiser 2008 - 2009

**Vegna líflegrar sölu og mikillar eftirspurnar vantar okkur þessa bíla strax.
Komdu með bílinn þinn, við skoðum hann, metum hann
og gerum þér tilboð í beinhörðum peningum!**

Þú getur einnig hringt í síma 570 5070 eða sent tölvupóst á bnb@toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is

Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 og lau 12.00 - 16.00

Today
Tomorrow
Toyota

FRÉTTASKÝRING: Fangelsismál á Íslandi

165 fangar í 150 plássum

Staðan í fangelsismálum á Íslandi hefur aldrei verið verri. Tvímennt hefur verið í afplánunarklefum í öllum fangelsum. Rúmlega 300 manns eru á biðlista eftir plássi.

Alls eru 165 fangar í afplánun í fangelsum ríkisins í dag. Heildarfjöldi fanga er 189, þar af 177 karlar og 12 konur. Gert er ráð fyrir 150 afplánunarplássum í þeim 6 fangelsum sem starfrækt eru.

Rúmlega 300 dæmdir einstaklingar eru á boðunarlista fyrir afplánun og eru dæmi um það að mönnum sé vísað frá þegar þeir mæta í afplánun. Suma þarf þá að vista á lögreglustöðvum.

Þegar fangelsið á Hólmsheiði verður opnað er gert ráð fyrir að Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg og Kvennafangelsinu á Kópavogsbraut verði lokað. Bæði hafa verið rekin um árabil á undanþágu frá heilbrigðiseftirlitinu. Fangelsin tvö eru með afplánunarpláss fyrir 28 fanga.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir bráðliggja á því að byggja og opna nýtt fangelsi.

„Við tvímennum í öllum fangelsum," segir Páll. „Þá er annað rúm fært inn í klefa þar sem einungis er gert ráð fyrir einum fanga. Þetta eru klefar sem eru hannaðir fyrir einn einstakling og verður þannig oft á tíðum mjög þröngt, sem auðvitað er ekki boðlegt fyrir nokkurn mann."

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að óvenjumargir hefðu verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald að undanförnu og sagði Páll stöðuna nú keyra langt úr hófi fram. Alls eru 24 fangar í gæsluvarðhaldi í dag, þar af 22 vistaðir í fangelsum ríkisins. Tíu gæsluvarðhaldsklefar eru í fangelsinu á Litla-Hrauni.

Í fangelsinu á Hólmsheiði er gert ráð fyrir 56 klefum. Þar verður kvennadeild, skammtímavistun og gæsluvarðhald. Páll tekur áætluðum framkvæmdum fagnandi og segir það munu leysa ýmis mál, bæði hvað varðar hagkvæmni í rekstri og bætta aðstöðu fanga.

„Eftir því sem einingarnar eru minni, þeim mun óhagkvæmari eru þær," segir Páll. „Þess vegna gerum við ráð fyrir að rekstur á einni einingu fyrir 56 klefa sé talsvert hagkvæmari en rekstur tveggja lítilla eininga."

Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir við fangelsið á Hólmsheiði hefjist á fyrri hluta þessa árs, en útboðsgögn hafa ekki verið gerð opinber. Áætlaður kostnaður við byggingaframkvæmdir er sagður um 1,7 milljarðar króna.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is

Fangar fá borgað fyrir að stunda nám

Fangar í afplánun fá greitt fyrir að stunda fangaskóla. Taxtinn er 380 krónur á klukkustund. Fangar fá þó ekki greitt fyrir meira en 5 klukkustundir á dag, eða 1.900 krónur á dag. Fangelsismálastofnun ber að endurskoða launataxta fanga í febrúar hvers árs, en laun hafa ekki hækkað síðan 1. febrúar árið 2008.

Aldrei hafa fleiri fangar verið skráðir í nám með afplánun heldur en í ár. Af 165 föngum eru um 60 fangar skráðir í nám, þar af 42 á Litla-Hrauni, 16 á Bitru og nokkrir á Kvíabryggju.

- Fangar fá sömu laun, 380 krónur á klukkustund, fyrir störf í þvottahúsi, viðhald, heyvinnu, lóðarsnyrtingu, pökkun, umbrotsvinnu og annað sambærilegt.
- Fyrir brettasmíði, vinnu á járnsmíðaverkstæði, númeragerð, pappaöskjuframleiðslu, steypuframleiðslu, vinnu á trésmíðaverkstæði, vélaviðgerðir og sambærileg störf, fá fangar greitt 415 krónur á klukkustund.
- Fyrir flokksstjórn skal greiða 440 krónur á klukkustund.
- Fjárhæð dagpeninga fanga er 630 krónur á dag.

Heimild: Fangelsismálastofnun ríkisins

FANGELSIÐ LITLA-HRAUNI Aldrei hafa verið skráðir fleiri fangar í nám en í ár, þar af eru 42 á Litla-Hrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FANGELSIÐ BITRU Pláss er fyrir sextán afplánunarfanga á Bitru og er það skilgreint sem opið fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KVÍABRYGGJA Setustofan á Kvíabryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FANGELSI Á ÍSLANDI OG REKSTRARKOSTNAÐUR FYRIR 2009

3. HEGNINGARHÚSIÐ 105,5 MILLJÓNIR *1874*

Fangapláss: *14*
Einangrunarpláss: *2*
Fangaverðir: *10*

Vinna fanga: Engin föst fangavinna er í Hegningarhúsinu utan þess að einn fangi hefur umsjón með þrifum og annar með mat. Önnur tilfallandi störf tengjast viðhaldsverkefnum innandyra og snyrtingu útivistarsvæðis.

Hegningarhúsið er elsta fangelsið á landinu og reynist erfitt að koma fyrir ýmsu sem í dag þykir tilheyra nútíma fangelsisrekstri. Þar er engin vinnuaðstaða fyrir fanga, enginn matsalur, fábreytileg íþróttaaðstaða og nánast engin tómstunda- eða sameiginleg aðstaða. Allstór útivistargarður er norðanmegin við fangelsið og er hann mikið notaður. Afþreying fanga í fangelsum beinist mest að tölvunotkun og sjónvarpsáhorfi inni á klefum. Fimm tveggja manna klefar eru í fangelsinu og tveir einangrunarklefar.

2. KVÍABRYGGJA 209 MILLJÓNIR *1954*

Fangapláss: 22
Starfsmenn: 8

Vinna fanga: Fangar vinna ýmis störf sem flest tengjast sjó, svo sem að beita línu, fella net og gera við fiskikör. Eitthvað er unnið við brettasmíði og viðhald.

Góð setustofa er í fangelsinu. Einnig er þar bókasafn, góður æfingasalur og billjardaðstaða. Jörðin Kvíabryggja er um 35 hektarar að stærð og segja má að fangelsið sé opið að því leyti að þar eru hvorki rimlar fyrir gluggum né heldur er svæðið öðru vísi afgirt en venjuleg sveitabýli. Reynt er að vista þar fanga sem hafa lítinn sakaferil eða þá að ætla má að þeim sé treystandi til þess að afplána við slíkar aðstæður.

1. AKUREYRI 53,5 MILLJÓNIR *1978*

Fangapláss: *10*
Starfsmenn: *6*

Vinna fanga: Einn fangi hefur umsjón með þrifum. Önnur störf tengjast viðhaldsverkefnum innandyra og lóðarvinnu.

Rúmgóð setustofa er í fangelsinu og lokaður garður sem fangar geta nýtt til boltaleikja og útiveru. Góð aðstaða er til vinnu og náms.

7. FANGELSIÐ Á HÓLMSHEIÐI *ÓBYGGT*

Fangapláss: *56*
Gert er ráð fyrir kvennadeild, gæsluvarðhaldsdeild og klefum fyrir styttri afplánun.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu munu framkvæmdir að öllum líkindum hefjast á fyrri hluta þessa árs. Með byggingu fangelsisins á Hólmsheiði verður fangelsunum á Skólavörðustíg og í Kópavogi lokað.

4. KÓPAVOGUR 85 MILLJÓNIR *1989*

Fangapláss: *12*
Fangaverðir: *6*

Vinna fanga: Létt störf við ýmis konar samsetningu og pökkun á vörum fyrir samtök og fyrirtæki á frjálsum markaði. Einnig er rekið þvottahús í fangelsinu þar sem þvottur er meðal annars þveginn fyrir önnur fangelsi.

Allir kvenfangar eru vistaðir í fangelsinu, en einnig eru valdir karlfangar með styttri dóma sem hafa ekki brotið af sér með ofbeldi gagnvart konum eða börnum. Sú regla gildir að konur mega ekki vera inni á klefum karla og öfugt. Ef karlar verða uppvísir að

5. LITLA-HRAUN 550 MILLJÓNIR *1929*

Fangapláss: *77*
Einangrunarpláss: *10*
Starfsmenn: *55*

Vinna fanga: Vörubrettasmíði, hellusteypa, þrif, þvottahús, skrúfbútaframleiðsla, skjalaöskjuframleiðsla, bílnúmera- og skiltagerð, samsetning í járn- og trésmíði og bón og þvottur bíla.

Fangelsið er í 9 byggingum. Til afþreyingar er líkamsræktaraðstaða, bókasafn, föndurað-

6. BITRA *2010*

Fangapláss: *16*
Fangaverðir: *8*

Vinna fanga: Eldamennska, þrif, þvottur og annað. Viðhaldsverkefni innandyra og snyrting útivistarsvæðis. Unnið er eftir sérstakri umhverfisstefnu sem fangar taka þátt í.

Bitra er skilgreint sem opið fangelsi; engar girðingar eða múrar afmarka svæðið og því þurfa fangar að hegða sér á ábyrgan hátt og bera virðingu fyrir þeim reglum sem þar gilda. Aðbúnaður í fangelsinu er góður.

FANGELSISMÁL Á ÍSLANDI SÍÐUSTU 50 ÁR

1960 Dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, fól Valdimari Stefánssyni sakadómara að gera tillögur að nýju fangelsi við Úlfarsá í Korpúlfsstaðalandi.

1961 Alþingi samþykkir lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

1965 Nefnd skipuð um að reisa ríkisfangelsi við Úlfarsá og sérstakt gæsluvarðhaldsfangelsi við Síðumúla í Reykjavík.

1974 Lóð við Tunguháls fengin hjá Reykjavíkurborg undir fangelsi og húsameistari ríkisins vann að tillögum.

1976 Samstarfsnefnd lauk frumathugunum, fangelsið teiknað og tilboð opnuð í framkvæmd við grunn- og botnplötu.

1978 Framkvæmdum lokið. Ekkert gerist frekar.

1991 Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra skipar nefnd til að gera úttekt á fangelsis- málum í landinu og tillögur til framtíðar.

1992 Nefndin skilar skýrslu og leggur meðal annars áherslu á að byggja þurfi nýtt fangelsi á Reykjavíkursvæðinu. Dómsmálaráðherra samþykkti ekki tillöguna. Fangelsið Litla-Hraun var stækkað.

1993 Þróunarnefnd skipuð sem undirbjó byggingu húss 4 á Litla-Hrauni.

1995 Nefnd skipuð til að fara aftur af stað með fangelsið að Tunguhálsi.

1996 Tunguháls-nefnd lögð niður og annar starfshópur skipaður sem vann að þarfagreiningu fyrir fangelsið. Tillögur lagðar fram um fangelsi sem rúma átti 30 fanga. Gert var ráð fyrir að framkvæmdum lyki 2001, en ekkert varð af því. Síðumúlafangelsi lagt niður.

2001 Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra kallar saman starfshóp til að vinna að undirbúningi nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu. Lóð á Hólmsheiði úthlutað undir fangelsi.

2002-2004 Unnið að þarfagreiningu fyrir fangelsið á Hólmsheiði. Skilað skýrslu í apríl 2004.

2005-2008 Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setur af stað nýjan hóp og sem vinnur að heildarúttekt á fangelsiskerfinu, endurnýjun á eldri fangelsum og nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Hópurinn vann að þessu í samráði við danska sérfræðinga í byggingarmálum fangelsa, sem lúta að uppbyggingu fangelsis á höfuðborgarsvæðinu, nýrri fangelsisdeild á Litla-Hrauni og gæsluvarðhaldsfangelsi sambyggðu við nýja lögreglustöð í Reykjavík.

2009-2010 Unnið að hugmyndum um gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi á Hólmsheiði sem byggt verði í einkaframkvæmd og stjórnvöld leigi síðan af framkvæmdaraðila til margra ára.

Tillaga að deiliskipulagi á hesthúsasvæðinu Fákaborg, Stykkishólmsbæ.

Með vísan í 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulagstillögu af hesthúsasvæðinu Fákaborg í Stykkishólmsbæ.
Tillagan tekur til um 5 ha lands í þegar byggðu hesthúsahverfi. Svæðið liggur austur af íbúðabyggðinni við Hjallatanga og vestur af Stykkishólmsvegi. Aðkoman að svæðinu er frá Stykkishólmsvegi. Á svæðinu eru nú átta hesthús ásamt reiðvelli. Deiliskipulagstillagan gerir m.a. ráð fyrir fjórum nýjum hesthúsabyggingum og byggingarreit fyrir reiðskemmu.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar frá fimmtudeginum 27. janúar 2011. Einnig er hægt að kynna sér tillöguna á heimasíðu bæjarins, (www.stykkisholmur.is).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til skipulags- og byggingafulltrúa Stykkishólmsbæjar, Hafnargötu 3. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með föstudagsins 11. mars 2011.
Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest, telst vera samþykkur henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Stykkishólmsbæ.

markhonnun.is

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

FRÁBÆR TILBOÐ Í NETTÓ – NÁLÆGT ÞÉR

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **27. – 30. jan.**
eða meðan birgðir endast

Tækniþróunarsjóður
Úthlutun og áhrif

Tækniþróunarsjóður kynnir úthlutun og nýtt áhrifamat
föstudaginn 28. janúar kl 15-17
í Kím frumkvöðlasetri, Vatnagörðum 18

Dagskrá

- Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra flytur ávarp
- Nýtt merki Tækniþróunarsjóðs kynnt
- Úthlutun 2010
- Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs
- Kynning á fjórum nýjum verkefnum sem hafa aðstöðu í Kím:
  - Heima heilasíriti. Garðar Þorvarðsson, Medical Algorithms
  - Hagkvæmt svefnskráningartæki. Kolbrún E. Ottósdóttir, Nox Medical
  - Markaðssókn í Kanada. Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica
  - Krabbameinslyfjanæmispróf. Finnbogi Þormóðsson, ValaMed

Fundarstjóri er Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Boðið upp á kaffiveitingar og tækifæri gefst til að líta inn hjá sprotafyrirtækjum í setrinu.

Allir núverandi, fyrrverandi og tilvonandi styrkþegar hvattir til að mæta!

Skráning á rannis@rannis.is

Iðnaðarráðuneytið · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · Ár nýsköpunar · rannís www.rannis.is

Nú í Þjóðleikhúsinu

Brák

FYRSTA ÍSLENSKA HETJAN

Einleikur eftir Brynhildi Guðjónsdóttur í flutningi höfundar

Ekki missa af þessari frábæru verðlaunasýningu!

Næstu sýningar í Kúlunni

Sun. 6. febrúar kl. 20
Fös. 11. febrúar kl. 20
Lau. 12. febrúar kl. 20
Sun. 13. febrúar kl. 20

Þjóðleikhúsið

Nánar á leikhusid.is / sími miðasölu 551 1200

BÍTIÐ MEÐ HEIMI OG KOLLU ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

BYLGJAN 989

VERÐ Í SJÁLFSAFGREIÐSLU Í GÆRKVÖLD Bensínverð á landinu hefur aldrei verið hærra en nú. Ástæðurnar eru skattahækkanir og þreföldun á heimsmarkaðsverði. Forstjóri Skeljungs sér ekki fram á lækkanir á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hefur áhrif á fjölskyldutengsl

Bensínverð hefur aldrei verið hærra. Ástæður eru hækkun á heimsmarkaðsverði, gengi krónunnar og skattahækkanir stjórnvalda sem tóku gildi um áramót. Framkvæmdastjóri FÍB segir verðið hafa áhrif á fjölskyldutengsl og ferðaþjónustu.

„Við erum að fá þær upplýsingar að fólk sé nánast hætt að geta heimsótt þá fjölskyldumeðlimi sem búa langar vegalengdir í burtu," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB). „Bifreiðaútgjöld heimilanna eru svo stór partur af heildarútgjöldum að fólk er einfaldlega komið á þann stað að það er nauðsynlegt að skera mun meira niður en áður."

Runólfur bendir á að umferð um landið hafi dregist saman á milli síðustu ára um 15 prósent, jafnvel þó að Íslendingar virðist hafa ferðast mun meira innanlands en í aðdraganda hrunsins. Minnkandi umferð megi rekja til síhækkandi verðs á eldsneyti. „Eldsneytisútgjöldin eru það stór liður í sumarferðunum að hækkunin er farin að hafa veruleg áhrif á langferðir," segir hann. „Við höfum einnig orðið varir við vaxandi áhyggjur hjá ferðaþjónustum á Norður- og Vesturlandi um að haldi þessi þróun áfram muni hún fækka mjög því fólki sem vilji sækja þá landshluta heim."

Stjórnvöld hækkuðu álagningu á eldsneyti um áramót og eru skattar nú um 110 krónur á hvern lítra. „Það sér ekkert fyrir endann á þessari þróun," segir Runólfur. „Það er auðvitað alveg ljóst að við ráðum ekki yfir heimsmarkaðsverði eða miklu í gengi krónunnar, en það sem er í höndum stjórnvalda eru skattarnir."

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði á Alþingi í gær að þær verðhækkanir sem urðu um áramótin hefðu eingöngu verið verðlagshækkanir frá fyrra ári, auk þess sem kolefnisgjald hefði lítillega hækkað. Hann telur ástandið tímabundið og allar líkur séu á því að eldsneytisverð fari aftur lækkandi þegar dragi úr núverandi árstíðasveiflu.

sunna@frettabladid.is

Verðlækkanir eru ekki í kortunum

„Álagning olíufélaganna hefur haldist stöðug og hún er í raun að lækka á raunvirði," segir Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs. Hann bendir á að skattar hafi hækkað mikið á síðustu mánuðum og heimsmarkaðsverð nær þrefaldast. „Orkan er þó með lægsta verðið og ástæðan fyrir því að Skeljungur er með hærra verð er sú að við erum með Shell V-Power, sem er dýrara í innkaupum," segir Einar. Hann sér ekki fram á lækkanir á næstunni.

„Þær eru ekki í kortunum," segir hann. „En maður veit þó aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér."

Hvað kostar bílferð um landið?

Hér er miðað við meðalfólksbíl sem eyðir um það bil 10 lítrum á hundraði.



*með Hvalfjarðargöngum, sem kosta **900 kr.**

Virðing og réttlæti í 120 ár

Allt frá stofnun VR árið 1891 höfum við haft að leiðarljósi að standa vörð um réttindi félagsmanna. Fögnum 120 ára afmæli VR og höldum ótrauð áfram.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTASNITSEL
1498 kr.kg

NAUTAVEISLU
FERSK PIPARSTEIK
1998 kr.kg

GRÍSAVEISLU FERSKT
GRÍSA-VÍNARSNITSEL
998 kr.kg

KJARNAFÆÐI **BACONKURL**

KJARNAFÆÐI FROSIÐ
VÍNARSNITSEL

SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur við kassann
Merkt verð 1648 kr./kg.
1236 kr./kg



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
LAMBASÚPÚKJÖT 1.FL
698 kr.kg

FJÓLA WC PAPPÍR
9 rúllur 240 blöð 100 kr lækkun
Verð nú 698 kr.
4000 PK. Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.

EMMESS ÍSBLÓM
100 KR. VERÐLÆKKUN
398 kr. 6 stk.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSINN LAMBABÓGUR
798 kr.kg

EUROSHOPPER
TVÆR GRÆNMETISPIZZUR
298 kr. 2 x 370g

MYLLU SPELTBRAUÐ 500g **259 kr.**

BÓNUS 3JA KORNABRAUÐ 500g **198 kr.**

BÓNUS MJÚKAR KRONGLUR 4 STK. **198 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS

GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4

ÞARF AÐEINS AÐ HITA !

998 KR. PK.

BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

BÓNUS BURRITOS 4 STK.

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS HEILSURÉTTUR

898 KR. kg

FERSKT BLANDAÐ HAKK **100% KJÖT**
60% NAUT & 40% GRÍS

179 KR. 700g

ÞYKKVABÆJAR FROSNIR
KARTÖFLUBÁTAR 700g

EGILS ORKA 500ml **98 kr.**

259 KR. 1 kg

BARILLA SPAGHETTI 1 KG

MOUNTAIN DEW 500ml **98 kr.**

SKORNIR **129 KR**
HEILIR **109 KR**

Hunt's TÓMATAR 410g

198 KR. 750g

Hunt's SPAGHETTISÓSUR 750g

COKE ZERO DÓS 33 CL **59 kr.**

698 KR. 620g

KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100%
NAUTAHAKK 620g RÚLLAN

FROSIÐ NAUTAHAKK

259 KR. 620g

KJARNAFÆÐI: FROSIÐ
KJÖTFARS 620g RÚLLAN

FROSIÐ KJÖTFARS

398 KR. 620g

NORÐANFISKUR FERSKUR
FISKBÚÐINGUR 620g

FISKBÚÐINGUR

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
598 KR. KG.

179 KR. 72 stk.

EUROSHOPPER BABYWIPES 72 STK.
10 KR. VERÐLÆKKUN

259 KR. 25 stk.

NIVEA **NIVEA CLEANSING WIPES**
ANDLITSKLÚTAR

EUROSHOPPER BLEIUR

Verð nú: **1398** kr.pk

MIDI 56 stk. **MAXI** 50 stk. **JUNIOR** 44 stk.

459 KR. 750ml.

NIVEA STURTUSÁPA
RISABRÚSI 750ML

679 KR. 1.9 ltr.

Neutral
STORVASK
ÞVOTTAEFNI 1.9

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

skoðun

greinar@frettabladid.is

Krafa SA um skýrar línur í sjávarútvegsmálum:

Ógn eða tækifæri?

Áður en kosningahneykslið brast á var mikið talað um þá kröfu Samtaka atvinnulífsins að því yrði komið á hreint hvaða breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnunarkerfinu áður en gengið yrði frá almennum kjarasamningum. Viðbrögðin hafa fyrst og fremst einkennzt af hneykslun á því að samtökin láti sér detta þetta í hug og margvíslegum fullyrðingum um að rekstrarskilyrði sjávarútvegsins komi meirihluta launafólks á Íslandi ekkert við.

Það er þó reginmisskilningur. Starfsskilyrði og afkoma eins af helztu atvinnuvegum þjóðarinnar hafa að sjálfsögðu víðtæk áhrif á efnahagslífið og vinnumarkaðinn í heild.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í stjórnarliðinu eru á kreiki hugmyndir um róttækar breytingar á fiskveiðistjórnun, sem geta sett afkomu og tekjur sjávarútvegsins í fullkomið uppnám, þótt ekki sé nema vegna hugsanlegra áhrifa á gengi krónunnar og þar með verðlag í landinu og skuldabyrði almennings. Á meðan óvissa ríkir um fiskveiðistjórnunina halda sjávarútvegsfyrirtækin að sér höndum í fjárfestingum og ný störf verða ekki til, hvorki hjá þeim né fyrirtækjum sem vinna fyrir sjávarútveginn. Meðal annars af þessum sökum kemur hlutskipti sjávarútvegsins öllum launþegum á Íslandi við.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við kröfu SA, að líta á hana sem ógnun, eru alröng. Það á miklu frekar að líta á hana sem tækifæri til að loka útgerðarmenn rækilega inni í þeirri sátt sem náðist í nefnd sjávarútvegsráðherra um framtíð fiskveiðistjórnunar. Hún gengur út á svokallaða samningaleið, sem er langt frá því að fela í sér óbreytt ástand eins og sumir hafa látið í veðri vaka. Þvert á móti gerir samningaleiðin ráð fyrir að kveðið verði á um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá, að gerðir verði samningar um nýtingu aflaheimilda og þannig undirstrikað að kvótinn sé ekki eignarréttur, heldur tímabundinn afnotaréttur, sem gjald komi fyrir. Kvótakerfið myndi hins vegar halda sér í aðalatriðum.

Með því að negla niður slíka niðurstöðu er unnið gegn meginranglætinu í kvótakerfinu, að menn geti umgengizt þjóðareign eins og sína eigin, án þess að almenningur fái sinn skerf af arðinum af auðlindinni. En auðlindagjaldið þarf þá líka auðvitað að vera meira en það málamyndagjald sem útgerðin greiðir í dag.

Krafan sem SA hefur gert um skýrar línur gerir vinnuveitendum í hópi útgerðarmanna nánast ókleift að hafna því að fara þessa leið. Og það væri miklu meiri árangur en náðst hefur til þessa, í áratuga þrefi um fiskveiðistjórnunina.

Fyrir ríkisstjórnina hangir fleira á spýtunni. Aðildarviðræður við ESB yrðu til að mynda auðveldari. Sambúðin við sjávarútveginn yrði betri og Ísland myndi ekki grafa undan eigin kröfu um að sérstaða íslenzkrar fiskveiðistjórnunar sé virt með því að kollvarpa þeirri sömu fiskveiðistjórnun. Vegna þess að samningaleiðin byggist á að sömu sjónarmið gildi um afnot af auðlindunum í sjávarútvegi og öðrum greinum gæti hún líka auðveldað ríkisstjórninni að finna til dæmis lausnir á álitamálum um nýtingu orkulinda.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki verið mjög fundvís á tækifæri, og sízt þau sem gera kröfu um að hugsað sé til langs tíma og í breiðu samhengi. En hún ætti að skoða þetta tækifæri vel.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Kvið ur og bak
Yoga
Latin Fit
World Class ICELAND

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tekist á um Strætó

Fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingar lágu undir ámæli á fundi borgarráðs fyrir viku vegna fyrirhugaðrar þjónustuskerðingar hjá Strætó. Bent var á að skerðingin væri á skjön við stefnu meirihlutans í umhverfis- og samgönguráði. Þá virtist enginn úr meirihlutanum kannast við hagræðingarkröfurnar. Karl Sigurðsson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, játaði að þar væri líklega við sig að sakast.

Forlátið reynsluleysið

„Hvort ég hafi ekki komið að ákvarðanatöku við gerð fjárhagsáætlunar um niðurskurð þarna þá svara ég hreinskilnislega aftur nei," sagði Karl, „og ég get í rauninni eingöngu skýrt það með því móti að það hafi kannski bara verið yfirsjón af minni hálfu og ég veit að margir eru kannski orðnir þreyttir á að heyra það en hér er um að ræða mitt reynsluleysi og mín mistök og ég tek það á mig að hafa ekki fylgst betur með."

Hvers konar ofurmenni?

Það er auðvitað til eftirbreytni þegar stjórnmálamenn viðurkenna mistök. Öllu verra er þegar þeir þurfa að gera það oft. Skömmu fyrir kosningar í fyrra ritaði Karl Sigurðsson grein í Fréttablaðið þar sem hann svaraði gagnrýni um að frambjóðendur Besta flokksins væru reynslulitlir. Þar benti hann á að sjálfur væri hann með próf í tölvunarfræðum og hefði sungið í kór. „Undanfarið hef ég því verið að velta fyrir mér," bætti hann við, „hvers konar ofurmenni það eru eiginlega sem ákveða að takast á við þetta gríðarlega vandasama starf." Hann er sjálfsagt einhverju nær um það núna.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Greið leið til stjórnlagaþings?

Stjórnlagaþing

Hörður Bergmann
kennari og rithöfundur

Hvernig á að bregðast skjótt við dómi hins bókstafstrúaða hæstaréttar og staðfesta hiklaust vilja þorra þjóðarinnar til að unnið sé skipulega og lýðræðislega að nýrri stjórnarskrá? Hvaða leið að því marki er í senn sanngjörn, rökleg og hagkvæm?

Ég sé ekki betur en hún blasi við: Einfaldlega að samþykkja á Alþingi að fela þeim sem hlutu kosningu til stjórnlagaþingsins að vinna það verk sem þeir voru kosnir til. Vinna verkið og ljúka því samkvæmt gildandi lagaákvæðum um verkefni þingsins.

Í rökstuðningi fyrir slíkri tillögu má minna á að þessir fulltrúar eru valdir af þeim stóra hluta atkvæðisbærra manna sem setti sig inn í málið og hafði fyrir því að koma á kjörstað. Það, ásamt augljósum áhuga stjórnlagaþingsfulltrúanna á verkefninu og verðmætri þekkingu þeirra á því, mælir með þessari leið að langþráðu marki þjóðar sem hefur búið við 66 ára gamla bráðabirgðastjórnarskrá með ákvæðum sem túlka má á marga vegu. Með því að gefa þeim kost á að hefja verkið tafarlaust samkvæmt beiðni Alþingis nýtist undirbúningsstarf fulltrúanna og þeirra sem eru að skapa þeim góð starfsskilyrði. Skaðabótakröfur koma ekki fram og kostnaður af nýjum kosningum verður enginn. Og gleymum ekki því sem Ögmundur Jónasson hefur minnt rækilega á í fjölmiðlum: gallar á framkvæmd kosninganna teljast ekki hafa breytt úrslitunum; það var ekkert svindl í gangi.

Allir stjórnmálaflokkarnir ættu því að geta sammælst um þessa leið. Stjórnarflokkarnir mundu fá hrós fyrir skjót viðbrögð með því að leggja svona tillögu fram, samþykkja hana og eyða þar með óvissu um tafir, kostnað af nýjum kosningum og skaðabótakröfur. Stjórnarandstöðuflokkarnir eiga kost á að baða sig í þeim ljóma með því að samþykkja þessa leið – nú, eða láta andstöðu sína við stjórnlagaþing skýrar í ljós en fyrr með því að greiða atkvæði gegn henni. Alþingismenn hljóta yfirleitt að vera ánægðir með að fá sem fyrst að segja sitt um stjórnarskrárdrög frá stjórnlagaþingi – og fá strax að sýna hvaða hug þeir bera til verkefnisins. Það kann að vera hlutverk hæstaréttar að rýna í öll smáatriðin, en sannir stjórnmálaleiðtogar gæta aðalatriða og almannahags.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Haflíðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Við sitjum öll við sama borð

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Þeir menn eru til, sem kjósa að lýsa þjóðkjörnu stjórnlagaþingi sem „ráðstefnu“ til að gera lítið úr þinginu og leggja fram kærur til að reyna að fá kosninguna til stjórnlagaþings fellda úr gildi, þótt 84.000 kjósendur greiddu þar atkvæði. Þessir menn segja stjórnlagaþingið búast til „atlögu að stjórnarskránni“ án þess að tilgreina, í hverju sú atlaga felist. Stjórnarskránni hefur verið breytt sjö sinnum frá 1944, enda var hún ætluð til bráðabirgða. Er það að vonum í ljósi þess, að stjórnarskráin var upphaflega nær óbreytt frá þeirri stjórnarskrá, sem Kristján níundi Danakonungur færði Íslendingum 1874. Þeir, sem óttast nýja eða breytta stjórnarskrá og reyna að varpa rýrð á stjórnlagaþingið, hamra á kjörsókninni í kosningunni í nóvember (37 prósent).

Kjörsókn fyrir þjóðfundinn 1851

Hver skyldi kjörsóknin hafa verið, þegar 37 þjóðkjörnir fulltrúar voru valdir til setu á þjóðfundinum 1851? Kjörið fór fram vorið og sumarið 1850. Í bók fræðimannsins Aðalgeirs Kristjánssonar, Endurreisn Alþingis og þjóðfundurinn (Sögufélag, 1993), kemur fram, að heildartölur um kjörsókn fyrir þjóðfundinn eru ekki til. Aðalgeir safnar saman því efni, sem hann nær til, bæði úr embættismannaskýrslum og öðrum heimildum. Úr Vesturamti vantar hann bara eina sýslu. Skeri hún sig ekki mjög úr heildinni, hefur kjörsókn þar verið rétt yfir 25 prósent. Síðan vitnar hann um einstakar sýslur með kjörsókn á bilinu 17 prósent upp í 76 prósent, þar af aðeins þrjár yfir 50 prósent. Aðalgeir áætlar, að fyrir landið í heild hafi kjörsókn verið nokkru meiri en í Vesturamtinu. Hann nefnir ekki tölu, en af orðalagi hans að dæma virðist hann eiga við kjörsókn í kringum 30 prósent. Aðalgeir Kristjánsson nefnir til samanburðar, að kjörsókn við kosningu stjórnlagaþingsins í Danmörku hafi verið 33 prósent.

Jafnvel Trampe greifa datt ekki í hug að reyna að varpa rýrð á þjóðfundinn 1851 með því að vísa til 30 prósent kjörsóknar.

Jafnvel Trampe greifa datt ekki í hug að reyna að varpa rýrð á þjóðfundinn 1851 með því að vísa til 30 prósent kjörsóknar.

Grunntónninn, upphafsorðin

Markmið sérhverrar stjórnarskrár er öðrum þræði að reisa girðingar til að vernda almenning fyrir yfirvöldum. Þess vegna á fólkið sjálft að setja sér stjórnarskrá, ekki stjórnmálamenn. Og þess vegna kemur til greina að hefja stjórnarskrána í fyrstu persónu fleirtölu svo sem sumar aðrar þjóðir hafa gert til að hnykkja á þeirri hugsun, að það er þjóðin, sem býr sér til lögvarðar leikreglur og sáttmála handa sjálfri sér. Þjóð, sem hefur orðið fyrir þungbærum skaða af völdum stjórnmálamanna og annarra, þarf nýja eða breytta stjórnarskrá til að girða fyrir frekari afglöp og ofríki af því tagi, sem ollu skaðanum.

Ný stjórnarskrá lýðveldisins gæti eftir þessari hugsun hafizt eitthvað á þessa leið:

Við Íslendingar setjum okkur þessa stjórnarskrá til að tryggja almannahag, frelsi, jafnrétti, bræðralag, lýðræði og mannréttindi, ábyrgð, gegnsæi, réttlæti og velferð okkar allra og til að efla friðsæld og öryggi lýðveldisins okkur öllum til heilla og hagsbóta og afkomendum okkar. Við sitjum öll við sama borð. Sérhverjum Íslendingi ber að virða stjórnarskrána, æðstu lög landsins.

Hugur og lag

Hvert sæki ég hugarfarið og vinnulagið, sem ég ætla að bera með mér inn á stjórnlagaþingið? Ég hef ævinlega eins og flestir aðrir háskólakennarar haft þann hátt á vinnu minni, að ég neyti lags til að leita víða ráða. Ég birti til dæmis aldrei stafkrók í blöðunum (þetta er 403. greinin mín hér í Fréttablaðinu frá 2003), nema einhverjir tveir vinir mínir eða fleiri hafi farið yfir textann frá orði til orðs. Ég hafði sama háttinn á, þegar ég lagði Morgunblaðinu til greinar með reglulegu millibili frá 1985 til 2009 og einnig Vísbendingu frá 1987 til 2005. Þessum ónefndu vinum mínum öllum er ég afar þakklátur. Ég held áfram að sækja í smiðju til þeirra og annarra.

Ég sæki einnig veganesti til þeirra, sem næst mér stóðu, þar á meðal Þorsteins Gíslasonar, skálds og ritstjóra, afa míns. Í kvæði sínu Eimskipafélag Íslands, sem var flutt 1914 við stofnun félagsins, óskabarns þjóðarinnar þá, orðar hann hugsun sína og mína betur en ég gæti gert:

Beitt skyldi djarft,
en boða varast,
allt með gætni gert.
Hug og lag
sá hafi jafnt,
er koma vill heill til hafnar.

AF NETINU

Fúskið verður að hætta

Umræðan á Alþingi í gær var bókstaflega herfileg. Það var ljótt að sjá hvernig þingmenn hlupu í skotgrafir.

Sumir voru fullir af þórðargleði, en Jóhanna Sigurðardóttir varð heldur smá þegar hún gat ekki beðið afsökunar heldur viðraði meðal annars þá fáránlegu hugmynd að 25 menningarnir sem náðu kjöri í kosningunum misheppnuðu yrðu einfaldega skipaðir af Alþingi til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Það yrði endanlega til að gera út af við trúverðugleika þessa ferlis. [...] Kjörstjórnin virðist hafa leyft sér að taka óþarfa áhættu með kosninguna – vinnubrögðin eru mjög óvönduð og tjóar í raun lítið að kenna Hæstarétti um. Hann dæmir eftir þröngum lagabókstaf, en lögfræðingarnir í kjörstjórninni eiga að vita að fyrir því er hefð á Íslandi. Í stöðunni er varla annað hægt en að boða til nýrra kosninga til Stjórnlagaþings, eins og Ólafur Stephensen bendir á í leiðara Fréttablaðsins í dag. Svo þurfa menn að draga lærdóma af þessu: Fúskið verður að hætta.

silfuregils.eyjan.is

Egill Helgason

Tenerife 15. febrúar frá 79.900

Heimsferðir bjóða einstök tilboð til Tenerife þann 15. febrúar.

Veðurfarið er einstaklega milt og notalegt sem og allt umhverfi, hvort sem dvalið er við amerísku ströndina, á Costa Adeje eða í Los Cristianos. Nú fer hver að verða síðastur að panta sér þessa ferð til Tenerife, því það eru fá sæti laus.

- Ekki missa af þessari ferð!

Frá kr. **79.900** – Atlandita ***
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í smáhýsi með einu svefnherbergi í viku. Netverð kr. 89.900 á mann í tvíbýli í smáhýsi með einu svefnherbergi.

Frá kr. **109.900** – Hotel Adonis Isla Bonita ****
með allt innifalið
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi í viku. Innifalið er flug, gisting, skattar og „allt innifalið“ þjónusta. Verð kr. 119.900 á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.180.

Frá kr. **119.900** – Iberostar Bouganville ****
með hálfu fæði
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi í viku. Aukagjald fyrir einbýli kr. 22.880. Sértilboð 1. febrúar

Ekki missa af þessum einstöku tilboðum í sólina - bókaðu strax!

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara!

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu



Uppbygging afreka

Íþróttir

Ólafur E. Rafnsson
forseti ÍSÍ

Það er býsna ánægjulegt að fylgjast með því hvernig íslenska þjóðin hefur hrifist með baráttu og árangri strákanna okkar í handknattleikslandsliðinu – enn einu sinni. Götur eru auðar á meðan útsendingar frá leikjum standa yfir, og samfélagið allt frá leikskólum til elliheimila er undirlagt.

En árangur í afreksíþróttum verður ekki til á einni viku. Medalíur falla ekki af himnum ofan. Um er að ræða langtímauppbyggingu sem byggir á skipulegu og heildstæðu kerfi frá grasrót til topps píramídans. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir mikilvægi hvors hluta píramídans fyrir hinn – efniviðurinn kemur úr grasrótinni en fyrirmyndirnar úr afrekunum. Þetta má ekki slíta í sundur.

Þegar afreksfólk okkar kemur heim með verðlaun af alþjóðlegum vettvangi í farteskinu fagnar þjóðin, og fulltrúar stjórnvalda standa þar jafnan fremstir í flokki. Því ber auðvitað að fagna – en á sama tíma höfum við hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands biðlað til stjórnvalda um að taka virkari þátt í að byggja upp þann árangur sem fagnað er. Annað er sagan um litlu gulu hænuna.

Nýlega úthlutaði ÍSÍ fjármunum til afreksmála. Þau framlög eru skammarlega lág, og tilfinning afsökunar er hið eina sem fylgir til íþróttafólksins okkar, sem hefur fært svo miklar fórnir. Framlög ríkisvaldsins til uppbyggingar afreka í íþróttum eru í raun smánarleg. Árið 2003 var síðast gerður samningur við ráðuneytið upp á 30 milljónir króna, en sá samningur – óverðbættur – rann út í árslok 2008, rétt eftir að þjóðin hafði stigið niður af Arnarhóli eftir að hafa fagnað silfurdrengjunum okkar frá Peking, og rétt eftir efnahagshrun.

> Árangur í afreksíþróttum verður ekki til á einni viku. Medalíur falla ekki af himnum ofan.

Framlög ríkisvaldsins – nú átta árum síðar – nema 24,7 milljónum á fjárlögum. Þrátt fyrir að veruleg fjölgun iðkenda hafi orðið, og nýjar íþróttagreinar og ný sérsambönd hafi litið dagsins ljós. Á sama tíma hefur íslenskt íþróttafólk náð einstæðum árangri á Evrópu- og heimsvísu í mörgum íþróttagreinum bæði karla og kvenna. Hættan er sú að menn líti á þetta sem sjálfbæran árangur. En svo er ekki, veruleg hætta er á að skerðing núverandi framlaga höggvi stór skörð í árangur komandi ára. En það er e.t.v. ekki eðli stjórnmála að hafa áhyggjur af framtíðinni handan næstu kosninga.

Íslenskt íþróttafólk er í senn bestu og ódýrustu sendiherrar sem land og þjóð á völ á. Við eigum fjölda íþróttastjarna erlendis sem daglega eru áberandi í fjölmiðlum og bera hróður Íslands af stolti. Íslenska ríkið ber engan kostnað af þessu útbreiðslu- og landkynningarstarfi – og það sem verra er, hefur í raun ekki heldur borið kostnað af því að skapa viðunandi umgjörð til að afreksfólkið okkar nái þeim árangri sem raun ber vitni. Hversu margar tilvonandi íþróttahetjur á Íslandi skyldu aldrei hafa komist á alþjóðlegan stall vegna skorts á fjárframlögum? Það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni.

Ég hvet alla Íslendinga til að sameinast áfram í stuðningi við strákana okkar í Svíþjóð – sem og allt okkar afreksfólk á alþjóðavettvangi. Ég hvet alla kjörna fulltrúa stjórnvalda til þess að íhuga vel af hvaða einlægni við hyggjumst fagna næstu tímamótum afreka við heimkomu – og hversu stolt við ætlum að vera af því að hafa átt þátt í því að styðja við þann árangur.

Það geislar smitandi stolt og barátta af handknattleikslandsliðinu. Ef samfélag okkar sýnir sama stolt yfir því að koma fram fyrir hönd lands og þjóðar og strákarnir okkar í Svíþjóð – og berjast jafn ötullega fyrir árangri og úrslitum – þá þarf þessi þjóð engu að kvíða.

Áfram Ísland.

Félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður

Hallur Magnússon
ráðgjafi

Íbúðalánasjóður hefur mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna. Tilvist hans byggist á þessu samfélagslega hlutverki. Lögbundið hlutverk Íbúðalánasjóðs er:

„…að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.“ 1.gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Íbúðalánasjóður er ekki og á ekki að vera venjulegt fjármálafyrirtæki. Íbúðalánasjóður á að vera sjálfbær – en ekki rekinn í hagnaðarskyni.

Ef hugmyndafræði viðskiptabanka verður ofan á í rekstri og stjórnun Íbúðalánasjóðs – ef hugmyndafræði hagnaðar tekur við af hugmyndafræði sjálfbærni – ef hugmyndafræði fjármagnsins tekur við af hugmyndfræði samfélagslegrar ábyrgðar – þá er tilvistargrunnur Íbúðalánasjóðs fyrir bí.

Þá er rétt að leggja Íbúðalánasjóð niður og færa íbúðalánin alfarið til banka og annarra fjármálafyrirtækja.

En auðvitað eigum við að standa vörð um Íbúðalánasjóð sem sjálfbæran, samfélagslegan lánasjóð sem tryggir landsmönnum öllum, hvar sem þeir búa, „öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum“.

Þrátt fyrir að í landinu ríki hrein vinstri stjórn sem ætti að öllu jöfnu að berjast fyrir tilvist samfélagslegs Íbúðalánasjóðs, þá virðast blikur á lofti.

Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru vísbendingar um að samfélagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs verði í öðru sæti, en hugmyndafræði viðskiptabanka, hagnaðar og fjármagns verði sett í fyrsta sæti.

Það er hlutverk stjórnvalda, nýrrar stjórnar Íbúðalánasjóðs og framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs að tryggja áfram samfélagslega stöðu sjóðsins.

Það er hlutverk stjórnvalda, nýrrar stjórnar Íbúðalánasjóðs og framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs að tryggja landsmönnum öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum.

Það er hlutverk okkar, þjóðarinnar, að veita stjórnvöldum, stjórn Íbúðalánasjóðs og framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs stuðning og aðhald svo samfélagslegu hlutverki Íbúðalánasjóðs verði ekki fórnað.

Það er að hefjast enn eitt stríðið um samfélagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs.

Hvers vegna má ég ekki ganga í sérskóla?

Sérskólar

Ásta Kristrún Ólafsdóttir
sálfræðingur, kennari og foreldri barns með þroskahömlun

Athugasemdir við rök sérskólaandstæðinga: Hvers vegna má ég ekki ganga í sérskóla sem er sérsniðinn fyrir þroskahömluð börn eins og mig?

1. „Vegna þess að í sérskóla einangrast þú frá almennu samfélagi.“

Hvernig þá? Er það ekki frekar einangrun að vera alltaf ein og öðruvísi í almenna skólanum?

2. „Þú átt að vera í almennum skóla vegna þess að þar eru góðar fyrirmyndir.“

Er þá eitthvað að því að vera eins og ég er? Geta þau kennt mér að vera ekki þroskaheft? Get ég þá af-fatlast?

3. „Þú átt að vera í almennum skóla því krakkarnir þar eiga að venjast þér og læra umburðarlyndi gagnvart þroskaheftum.“

Þarf ÉG endilega að kenna þeim það? Og hvernig á ég að kenna þeim það – bara með því að vera þarna og vera öðruvísi? Ef þau venjast mér hætta þau þá að taka eftir því hvað ég tala óskýrt, og segi sama hlutinn aftur og aftur, að ég skil ekki það sem þau segja og ég veifa með handleggjunum og hef hátt? Vilja þau þá vera vinir mínir? Hvað ef þau venjast mér ekki en verða bara pirruð og þreytt á mér?

4. „Krakkarnir eiga að láta þér finnast þú vera fullgildur þátttakandi í skólasamfélaginu á eigin forsendum.“

Hvernig get ég verið fullgildur félagi þegar ég get ekki gert það sama og aðrir og get aldrei orðið eins og aðrir? Er ég þá ekki bara einhvers konar heiðursfélagi?

5. „Við kunnum ráð við því. Við látum bara eins og þú sért eins og aðrir. Við getum til dæmis tekið bókarkápuna af bókinni sem hinir krakkarnir eru að lesa og sett hana utan um smábarnabókina þína. Þá halda allir að þú sért eins og hinir.“

Já, en það er lygi. Verð ég þá að leyna því hver ég er? Vá, hvað ég hlýt að vera ömurleg! Ég vil frekar vera þar sem ég þarf ekki að skammast mín fyrir hver ég er en að vera meðtekin á upplognum forsendum.

6. „Kannski kynnist þú krökkum í hverfinu og getur verið með þeim úti að leika og þú getur farið í íþrótta- og félagsstarf í hverfinu.“

Er það? En ef ég fer út að leika með krökkunum í hverfinu, hver á þá að passa mig? Og hvaða hlutverk fæ ég í leiknum ef ég get ekki lært leikreglurnar? Má ég ekki æfa með Öspinni? Er kannski kúlara að æfa með KR?

7. „Ef þú ert í almennum skóla verður þú virkari þátttakandi í hinu almenna samfélagi.“

Fer það ekki eftir fötlun minni hversu virk ég get orðið í samfélaginu? Ég hef áhuga á þátttöku í samfélagi þroskaheftra. Útilokar það mig þá frá hinu svokallaða almenna samfélagi? Eru ekki allir í mörgum samfélögum?

8. „Ófatlaðir krakkar geta verið svo mikil hvatning fyrir þig.“

Þegar ég sé hvað aðrir geta, get ég þá gert það sama? Er þá þroskahömlun kannski bara leti?

> Getur skólinn kannski beitt sér fyrir því að uppræta fordóma án þess að ég þurfi að vera á staðnum? Ég er ekki pólitískt verkfæri, ég er barn.

9. „Þú átt að vera í almennum skóla af því þú átt rétt á því!“

Verður maður að gera það sem maður hefur rétt á að gera? Mig langar að vera í skóla með krökkum sem eru eins og ég. Hef ég ekki rétt á því?

10. „Samfélagið verður litríkara og flottara ef allir eru saman.“

Mér er nú eiginlega slétt sama hvað lítur vel út, ég vil bara vera með vinum mínum og jafningjum þar sem ég get blómstrað eins og ég er.

11. „Þú átt að vera í almennum skóla til að stuðla að endurmenntun kennara og endurbótum skólakerfisins þannig að það verði fært um að sinna þörfum þroskaheftra barna.“

Vá! Og hvernig geri ég það? Bara með því að vera þarna og láta mér líða illa?

12. „Þú færð þetta verkefni vegna þess að grunnskólinn gerir ekki neitt almennilegt fyrir þig nema sérskólinn neiti að taka við þér og skólinn er sterkasta aflið til að sigrast á fordómum.“

Getur skólinn kannski beitt sér fyrir því að uppræta fordóma án þess að ég þurfi að vera á staðnum? Ég er ekki pólitískt verkfæri, ég er barn.

Nýjar vörur komnar á útsölumarkað

Dömu, herra, barna & ungbarna

Vatnajökull PrimaLoft
Verð áður: 49.800 kr.
Verð nú: 34.800 kr.
DÖMUR

Einnig til í appelsínugulu

Svanur PrimaLoft heilgalli
Verð áður: 20.800 kr.
Verð nú: 15.600 kr. (64 - 86)
BARNA

Rán light jakki
Verð áður: 7.800 kr.
Verð nú: 5.460 kr. (2-12 ára)
BARNA

Vatnsheldur öndunarfatnaður
Rán light buxur
Verð áður: 5.000 kr.
Verð nú: 3.500 kr. (2-12 ára)

ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12, 108 Reykjavík | Opið Mán.- fös. 8-18 • Lau. 11-16 | Glerárgata 32, 600 Akureyri | Opið Mán.- fös. 9-18 • Lau. 11-16 www.66north.is

Verð sprengja

Aðeins í fjóra daga!

Öll innimálning

20% afsláttur

Gildir fimmtudag til sunnudags

30% afsláttur af öllum málningarverkfærum

25% afsláttur af öllum listmálaravörum

BYKO

EXPO · www.expo.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

J.D. SALINGER (1919-2010) rithöfundur lést þennan dag
„Allir hálfvitar hata að vera kallaðir hálfvitar.“

90 ára afmæli

Ásta Ólafsdóttir

húsfrú í Reykjavík,

er 90 ára í dag 27. janúar.
Hún fagnar afmælisdeginum með börnum sínum og fjölskyldum þeirra.

KARL JÓHANN JÓNSSON: HLAUT ÍSLENSKU MYNDSKREYTIVERÐLAUNIN 2010

SEFAR NAGANDI SJÁLFSEFANN

„Verðlaunin vekja mér fyrst og fremst löngun til að gera betur og gott að uppskera viðurkenningu fyrir að hafa gert vel. Þá auka þau einnig sjálfstraustið því nagandi sjálfsefi fylgir myndlistarmönnum,“ grínast myndlistarmaðurinn Karl Jóhann Jónsson, sem á sunnudaginn hlaut íslensku myndskreytiverðlaunin Dimmalimm fyrir bók sína Sófus og svínið, sem gefin er út af Námsgagnastofnun.

„Ég er sérstaklega ánægður með að lítil lestrarbók, sem líka er tilraun til að vekja áhuga yngstu nemendanna á myndlist, skuli vinna til verðlauna,“ segir Karl Jóhann sem einnig er textahöfundur Sófusar og svínsins.

Í bókinni málar söguhetjan Sófus fyndin tilbrigði við mörg af frægustu portettum listasögunnar, þar sem svínið er hans aðalfyrirsæta.

„Í upphafi ætlaði ég að gera sjálfsævilega sögu því ég er manískur portrettáhugamaður. Listmálarar voru flestir með lærling í eftirdragi í gamla daga og af því spratt sú hugmynd að skapa listmálara með svín í læri. Seinna átti bókin að fjalla um frægar sögupersónur í barnabókum, þar sem svínið brá sér í gervi Rauðhettu, Emils í Kattholti og fleiri, en á endanum tók hún á sig mynd skemmtisögunnar, sem einnig má nota í lestrarkennslu, og gleðst ég einkum yfir að hún komi bæði inn á lestur og myndlist,“ segir Karl Jóhann sem kennir einmitt myndlist og lestur í Hörðuvallaskóla í Kópavogi.

„Ég hef enn látið lítið reyna á bókina í myndmenntatímum, en krökkum þykir hún skemmtileg aflestrar. Ég tel mig þó ekki enn meðal rithöfunda, en vissulega búa með mér margar nýjar hugmyndir, mislangt á veg komnar,“ segir Karl Jóhann sem sjálfur var síteiknandi sem barn, en hann útskrifaðist af málarabraut Myndlista- og handíðaskólans 1993.

„Það var aldrei spurning að ég færi þessa braut, en mig langaði líka alltaf til að kenna. Eftir útskriftina fékkst ég aðallega við málverkið en hætti að teikna og myndskreyta. Síðan varð ég svolítið leiður á myndlistinni og fór að rifja upp af hverju mér þótti svo gaman að henni áður, en það var vegna þess að mér fannst svo gaman að teikna eitthvað með húmor. Því fæddist hún smám saman aftur, þessi þörf til að teikna eins og ég gerði sem barn og unglingur upp úr eigin ímyndunarafli,“ segir Karl Jóhann sem einnig kennir portrettmálun við Myndlistaskólann í Reykjavík.

„Þar fær maður rjómann af fólki með brennandi áhuga á myndlist, á meðan einhver hluti barna í grunnskóla spyr hvers vegna þurfi að mæta í myndlist. Annars er engin leið að sjá á teikningum barna hvort þau séu efni í myndlistarmenn og ég man sjálfur eftir félögum í grunnskóla sem voru eins og hinir í teikningu, en orðnir mjög fínir myndlistarmenn í dag. Maður getur því frekar dregið ályktun ef maður sér áhuga, því sá sem hefur gaman af því að teikna eykur líkurnar á að verða verulega góður seinna.“

thordis@frettabladid.is



DIMMALIMM Þótt Karl Jóhann Jónsson líti fyrst og fremst á sig sem portrettmálara, hlaut hann ríkulegar vöggugjafir á öðrum listasviðum því hann er einnig afburða texta- og söngmaður, syngur með Karlakór Reykjavíkur og hefur lokið 5. stigi í söng. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, stjúpföður, tengdaföður, afa og bróður,

Sigurðar Ella Guðnasonar
fv. flugstjóra, Víghólastíg 22, Kópavogi.

Guðmunda Kristinsdóttir
Erla Unnur Sigurðardóttir — **Guðmundur U. D. Hjálmarsson**
Anna Jóhanna Sigurðardóttir
Karl Trausti Barkarson
Nana Daðey Haraldsdóttir
Uni Dalmann Guðmundsson
Sólrún Silfá Guðmundsdóttir
Arndís Guðnadóttir — **Sigurður G. Sigurðsson**
Ólafur Guðnason — **Guðmunda Jónsdóttir**

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi

Frímann Jónsson
f.v. forstjóri
áður Álfheimum 40,

lést á Sóltúni í Reykjavík 19. janúar sl. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

María Frímannsdóttir — **Baldur Ólafsson**
Frímann Frímannsson — **Hildur Gísladóttir**
Rósa Kristín Baldursdóttir
Ólafur Björn Baldursson
Anna Rún Frímannsdóttir
Frímann Örn Frímannsson
og fjölskyldur.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Jón Sveinbjörn Arnþórsson
stofnandi Iðnaðarsafnsins á Akureyri
Kambagerði 7, 600 Akureyri,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Gisela Rabe-Stephan
Guðbjörg Jónsdóttir
Elna Katrín Jónsdóttir — **Jón Hannesson**
Arnþór Jónsson — **Nanna Baldursdóttir**
Jónas Jónsson — **Bryndís Lárusdóttir**
Helga Elísabet Jónsdóttir — **Vilhjálmur H. Waltersson**
Friðrik Weisshappel Jónsson — **Tine Weisshappel Holmboe**
Jón Stefán Pétursson — **Anna Margrét Hauksdóttir**
Markús Hermann Pétursson — **Berglind Rós Guðmundsdóttir**
Anna-Lind Pétursdóttir — **Skúli Helgason**
Sigríður Arnþórsdóttir og fjölskylda
Kristinn Arnþórsson og fjölskylda
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gyða Jónsdóttir
Miðleiti 5, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 17. janúar, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. janúar kl. 13.00.

Óttar Ottósson
Helga Ottósdóttir — **Stefán S. Guðjónsson**
Geirlaug Ottósdóttir — **Grímur Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Jóhann Steinmann Sigurðsson
Stóru-Tjörnum, Þingeyjarsveit, áður til heimilis að Ránargötu 29, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 28. janúar kl. 13.30.

Guðríður Sigurgeirsdóttir
Erna Jóhannsdóttir — **Egill Bjarnason**
Jónína Ingibjörg Jóhannsdóttir — **Jón Símon Karlsson**
Hólmfríður Jóhannsdóttir — **Lars Inge Karlson**
Elínrós Þóreyjardóttir
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Golflist
99% RYKFRÍTT

Smíðum eftir máli!
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmíða!
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

RENNUR & NIÐURFÖLL

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir
Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

Trésmíði
Öll almenn trésmíðavinna innan sem utan. 20 ára reynsla.
Tilboð/tímavinna
ALPAR slf.
Uppl. hjá Guðmundi í síma 895 6820 eða alparslf@hotmail.com

SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir

Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.
Uppl. í síma 899 2420.

Tökum að okkur parketslípun
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl í s. 772 8100

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Kristján Rúnar Sveinsson 898 4990
kristjan@flisaverk.is

Óli smiður
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

Glerjun og gluggaviðgerðir
Lása og hurðaviðgerðir ásamt öðrum smíðaverkefnum. Glugga og hurðaþjónustan, S. 895 5511 smidi.is

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

Nudd

NUDD NUDD NUDD. Exclusive Whole Body Massage In Down Town. S. 692 2126, Alena

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

BEST MASSAGE IN TOWN IN TWO OR FOUR HANDS!!! 6596269

NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ S. 823 8280

Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Svæðanudd (yljanudd) og heilun. Uppl. í síma 861 0499

Spádómar

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Draumar
Tarot
Opið alla virka daga

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nýársspá, ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Viðgerðir

Brotin gleraugu?

Gerum við allar gerðir málmumgjarða
Verð frá 7.200
Sigga & Timo
Linnetsstíg 2, 220
Hafnarfjörður
S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Önnur þjónusta

Útsala Útsala
Rýmum fyrir nýjum vörum. Opið í dag fimmtudag 13-18. Green-house Rauðagerði 26.

KEYPT & SELT

Til sölu

Ísskápar, frystiskápur, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, sjónvörp,borðtölva,stór ljósritunarvél, stólar, borð, king size rúm, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

City Runner

Rafvespurnar komnar!
Eingöngu örfáar eftir af nýju sendingunni. Sama verð og síðast. Verð 139.900kr.

City Runner ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.

TILBOÐ!
10-25% afsláttur í janúar
Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, grænn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

Tilboð
Vönduð fóðruð dömustígvél úr góðu leðri og með sterkan sóla. Tilboðsverð: 14.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070

Bergiðjan minigolf
9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Erum að taka niður pantanir núna. Uppl. í s. 774 6633 & 869 1690 Bergiðjan ehf Tangarhöfði 2, 110. pukinn@simnet.is Erum á facebook.

Skíði Rossignol 175cm, skór nr. 43,5. Barnaskíði Rossignol 100cm og skór nr. 35 gott ástand fedvadim@gmail.com

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Bækur

Gilbert Úrsmiður/Gamla úrabúðin okkar. Tökum armbandsúr í umboðssölu. Verðmat yður að kostanarlausu og ráðleggingar. Fagmenn með áratuga reynslu. Laugavegur 62. Sími 551-4100.

Til bygginga

PLANKA PARKET
Aðeins kr. 6.930
PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, Reykjavík
Sími: 581 2220 - 840 0470

Verslun

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN !!
Allt að 90% afsláttur.
Emilía, Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

Fyrirtæki

Fyrirtæki í fata innkaupum með uppsagnartap til sölu. Áhugavert fyrir réttan aðila. Vinsamlegast hafið samband í 821 3400.

HEILSA

Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is. Rannveig s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Herbalife, fyrir alla. www.dagamunur.is Sendið SMS 8918902 eða asta@dagamunur.is

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Þjónusta

Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Sófi á 10þ. Borð og stólar á 1 -3þ. Borðtölva á 35 þ. S. 896 8568.

Dýrahald

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Vatnsþéttir og hlýir reiðskór Ótrúlega þægilegir Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040 www.hirzlan.com

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga.

GISTIHÚSIÐ EGILSBORG
sími 896 4661

Herbergi til leigu í Álftamýri. Uppl. í S. 865 9637.

Meðleigjandi óskast á Barónstíg. Laust 1. febrúar. Uppl. í s. 823 5076.

LEIGUSALAR ATH ÞETTA!
Leiguhús.is er öflug leigumiðlun sem býður fjölbreytta þjónustu. Frían auglýsingar til fullrar þjónustu Skoðaðu www.leiguhus.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu lítið sæt 3 herb íbúð í Hafnarfirði, neðri hæð í tvíbíli. Eingöngu reglusamt heiðarlegt fólk kemur til greina. Allar nánari uppl í síma 899-6699

Húsnæði óskast

32 ára karlmaður í námi óskar eftir að íbúð á leigu í 101/105/107. Einar, S: 695 2413.

Reyklaus og reglusamur maður óskar eftir stúdíó eða 2 herb. íbúð. Uppl. í s. 865 8600.

Óska eftir lítilli 3ja herb. í búð í Rvk. Uppl. í S: 669 9153.

Húsnæði til sölu

Paríbúð á Djúpuvogi. 75 fm., 3ja herb. Hentar sem sumarhús. Gott verð. S: 661 8651.

Sumarbústaðir

Óska eftir að leigja sumarbústað á Suðurlandinu. Helst á milli Selfoss og Geysir. 6 til 8 manna. Tímabil : 30/7 til 05/08 2011. Borga vel fyrir góðan bústað.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Bílskúr

Ný innréttaður bílskúr á góðum stað til leigu. S. 661 5219.

ATVINNA

Atvinna í boði

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast
Óskum eftir sölumanni. Upplýsingar á staðnum. hofdabilar@hofdabilar.is

Kol ehf
- hringjum út

Kvöld- og helgarvinna
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

Óskum eftir því að ráða vanan mann í trjáklippingar. Umsóknir á gardlist.is

Bifvélavirkjar. KvikkFix vill ráða bifvélavirkja. Áhugasamir sendi umsóknir með helstu upplýsingum á kvikkfix@kvikkfix.is

TILKYNNINGAR

Fundir

HESTAMANNAFÉLAGIÐ GUSTUR

Aðalfundarboð og lagabreytingatillögur.
Boðað er til aðalfundar Hestamannafélagsins Gusts fimmtudaginn 27. janúar 2011 kl. 20. Fundurinn verður haldinn í sal félagsins í Glaðheimum.

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Helgu Bachmann
leikkonu.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 4. hæðar á hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir einstaka alúð og umhyggju.

Þórdís Bachmann
Hallgrímur Helgi Helgason
Skúli Helgason
Helga Vala Helgadóttir
og barnabörn
Sigríður Kristinsdóttir
Anna-Lind Pétursdóttir
Grímur Atlason

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem að heiðruðu minningu og sýndu okkur samúð og stuðning, við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og sambýliskonu

Gyðu Steingrímsdóttur
Fróðengi 5, 112 Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Karítasar, 11.E LSH við Hringbraut og Líknardeild LSH í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og umhyggju. Guð blessi ykkur öll.

Kristjana Óladóttir
Þórarinn Ólason
Bjarni Elíasson
barnabörn og barnabarnabörn.
Þráinn Garðar Þorbjörnsson
Eydís Unnur Tórshamar

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur

Gísli Ólafur Ólafsson
Vættagili 21, Akureyri,

sem lést af slysförum fimmtudaginn 20. janúar verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 28. janúar klukkan 10.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning nr. 0162-26-6800. Kt: 060668-5319

Halla Jensdóttir
Ingvar Örn Gíslason
Ólafur Sveinn Gíslason
Auður Björk Gísladóttir
Eva Hrund Gísladóttir
Embla Sól Ingvarsdóttir
foreldrar, tengdaforeldrar og aðrir aðstandendur.
Ellen Heiður Hreinsdóttir

†

Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Bryndísar Tómasdóttur
Jökulgrunni 7, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 15. janúar, fer fram frá Áskirkju föstudaginn 28. janúar kl. 15.00.

Eiríkur Eiríksson
Auðunn Eiríksson
Marie M. Eiríksson
María Sighvatsdóttir
og fjölskyldur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

Margt gott áunnist undanfarin ár

VR fagnar 120 ára afmæli í dag en félagið var stofnað 27. janúar árið 1891, sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. Núverandi formaður, Kristinn Örn Jóhannesson, segir félagið ætla að halda upp á tímamótin með ýmsum hætti, hæst beri þó peningagjöf til uppbyggingar á orlofshúsum í Miðhúsaskógum.

„Við höfum verið í stefnumótunarvinnu sem hefur sýnt að félagsmenn vilja komast nær upprunanum. Þeir vilja sjá stéttarfélag en ekki lífsgæðafélag. Peningarnir sem var ákveðið að gefa til uppbyggingar á svæðinu í Miðhúsaskógum eru táknrænir fyrir það, þar sem ekki hefur verið unnið sérstaklega að orlofsmálum í félaginu síðustu ár. Við hugsum þetta aftur í tímann, eina milljón fyrir hvert ár sem félagið hefur verið rekið eða 120 milljónir," útskýrir hann.

FORMAÐUR Kristinn Örn Jóhannesson hefur gegnt formennsku stjórnar VR í tæp tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að mati Kristins hefur margt gott áunnist í starfi VR undanfarin ár. „Við erum stærsta og sterkasta stéttarfélag landsins og stöndum á traustum grunni. Vel hefur tekist að virkja félagsmenn í stefnumótunarmálum. Sömuleiðis var hagur af því að halda opið kjaraþing. Þannig ástundum við þátttökulýðræði en ekki kosningalýðræði," bendir hann á og segir gleðiefni að félögum sé nú aftur að fjölga. „Þegar það var stofnað gengu 33 menn í það og sá fjöldi jókst stöðugt, það fækkaði í hruninu en er nú aftur að fjölga. Í dag eru í kringum 28.000 félagar, ekki eingöngu verslunarmenn og starfsmenn þeirra heldur verslunar- og skrifstofufólk og fleiri."

Talið berst aftur að afmælinu. Stendur fleira til? „Ekki á næstunni enda erum við á kafi í kjarasamningum, auk þess sem okkur þótti ekki við hæfi að slá upp heljarinnar veislu, svona í ljósi þjóðfélagsaðstæðna," segir Kristinn en útilokar þó ekki að meira verði gert úr árlegum hátíðarhöldum 1. maí. „Það er aldrei að vita nema þá verði eitthvað gert. Við munum minna á okkur með ýmsum hætti á afmælisárinu." - rve

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

Stella Jóhanna Magnúsdóttir

er látin. Jarðarförin fór fram í kyrrþey 25. janúar 2011 að ósk hinnar látnu. Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og umhyggju sendum við ættingjum, vinum og heilbrigðisstarfsfólki.

Nikulás Sveinsson,
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Elsa Kjartansdóttir
frá Hnúki, Dalasýslu,

lést 16. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Kristín Gunnarsdóttir
Sigurður Óli Gunnarsson
Pétur Gunnarsson
Jóhannes V. Gunnarsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkæri eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Jónas Helgason
Æðey,

sem lést fimmtudaginn 20. janúar, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. janúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Hjartaheill.

Katrín Alexíusdóttir
Alexíus Jónasson
Magnús Helgi Jónasson
Jónas Kristján Jónasson
og barnabörn.
Edda María Hagalín
Sigrún Helgadóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

Guðmundur Sigurjónsson
Glósölum 7, Kópavogi,

sem lést 18. janúar, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. janúar, kl. 15.00.

Eygló Olsen
Valgerður Anna Guðmundsdóttir
Marta Elísabet Guðmundsdóttir
afabörn og langafabörn.
Steinþór Óskarsson
Þórður Vilberg Oddsson

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sólveig Karvelsdóttir

verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 28. janúar kl. 13.00.

Sigurður Pálsson
Páll Daníel Sigurðsson
Edda Huld Sigurðardóttir
Eggert Sigurðsson
og barnabörn
Linda Sjöfn Þórisdóttir
Þorlákur Már Árnason
Ásta Björk Lundbergsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrafnhildur Þórðardóttir

sem lést miðvikudaginn 19. janúar, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. janúar, kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar, vinsamlegast látið líknarfélög njóta þess.

Þórður G. Lárusson
Halldór R. Lárusson
Lárus H. Lárusson
barnabörn og barnabarnabörn
Unnur K. Sigurðardóttir
Guðlaug Jónasdóttir
Rósa Hallgeirsdóttir

Meira pláss fyrir mikilvægu hlutina

1.790,-/stk.
HYLLIS hillueining
B60×D27, H140cm. Galvaníserað

895,-
LÖDDER kústur L130cm. Ýmsir litir

795,-
LÖDDER fægiskófla H85cm. Ýmsir litir

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

SAMLA kassi 11L
Gegnsætt **495,-**

SAMLA kassi 45L
Gegnsætt **1.290,-**

SAMLA kassi 65L
Gegnsætt **1.290,-**

SAMLA kassi m/loki 55L
Gegnsætt **2.385,-**

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

www.IKEA.is

krossgáta



LÁRÉTT
2. vanþóknun, **6.** pot, **8.** langar, **9.** pili, **11.** tvö þúsund, **12.** leiftur, **14.** lengja, **16.** átt, **17.** kopar, **18.** samstæða, **20.** grískur bókstafur, **21.** atlaga.

LÓÐRÉTT
1. grasþökur, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** angan, **7.** andsvar, **10.** mánuður, **13.** gerast, **15.** einsöngur, **16.** forsögn, **19.** slá.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** svei, **6.** ot, **8.** vil, **9.** rim, **11.** mm, **12.** flass, **14.** sikka, **16.** sv, **17.** eir, **18.** par, **20.** pí, **21.** árás.

LÓÐRÉTT: **1.** torf, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** ilm, **7.** tilsvar, **10.** maí, **13.** ske, **15.** aría, **16.** spá, **19.** rá.

föstudagur **FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ**

Erfitt að lifa á ölmusu

Hin brasilíska Jussanam Da Silva ræðir margra mánaða baráttu fyrir dvalar- og atvinnuleyfi, sönginn og íslensku vinina.

Allt sem þú þarft …

Skartgripahönnuðurinn Jóhanna Metúsalemsdóttir býr í New York og hannar skartgripi undir heitinu Kría

Hönnunin er ólík öllu öðru og hefur hlotið mjög góðar viðtökur.

Hjólandi frá Keflavík til Kína

BAKÞANKAR
Sigríður Víðis Jónsdóttur

Ég er stundum spurð að því hvernig ég hafi efni á flugmiðum út fyrir Evrópu. Úr hvaða hyldýpi ég grafi upp fé í slíkan lúxus. Svarið er þetta: Ég á ekki 1000 kílóa lúxusflykki sem notar rándýran orkugjafa og heitir bíll.

SAMKVÆMT FÍB gæti kostnaður við nýjan bíl verið 1,1 milljón á ári – með bensíni, tryggingum, afskriftum og öllu. Það eru 92.000 á mánuði. Einn flugmiði þar, frá London til Peking – á fjögurra vikna fresti. Alltof há tala fyrir einhvern? Örugglega. FÍB miðar við skuggalegan dýran bíl og mikinn akstur. Segjum því 500.000 krónur á ári í bílrekstur og að ég þurfi 50.000 vegna hjólsins míns. Mismunurinn er tveir flugmiðar hringinn í kringum jörðina með fimm stoppum. Eða tveggja mánaða bakpokaferðalag til Indlands – með flugmiðum.

ÓSANNGJARNT að stilla þessu upp svona? Að bílaeign sé, líkt og flugmiðar, lúxus en ekki nauðsyn – val fólks en ekki staðalbúnaður á hvert heimili? Hugsanlega – fyrir þá sem af ýmsum ástæðum geta ekki annað en búið langt frá vinnu, geta ekki komið sér þangað með almenningssamgöngum, finnst of langt að hjóla og fengu einungis dagforeldra hinum megin í bænum. En það eru ekki allir í þeirri stöðu.

BÍLAEIGN getur verið lúxus án þess að hún sé nokkru sinni skilgreind þannig. Menn horfa ef til vill í aurinn þegar kemur að matvöru eða bók eða strætókorti en fylla tankinn og láta gera við bílinn fyrir formúu – því það er nauðsynlegt – án þess að spyrja: Er nauðsyn að eiga þennan bíl?

ÉG KEYPTI BÍL þegar ég var tvítug. Svona af því að það var eitthvað sem maður gerði, einhvers konar eðlilegur hluti af tilvistinni. Þurfti ég bíl? Nei. Notaði ég hann? Já, hvert sem ég fór – á Akranesi… Gripurinn hafði fallið um 300.000 krónur í verði þegar ég seldi hann aftur rúmu ári síðar. Frábært. Eftir á fannst mér þetta svo galin fjárfesting að ég ákvað að kaupa ekki bíl aftur fyrr en algjöra nauðsyn bæri til. Hvernig getur það að eiga bíl líka verið eðlilegt en það að eiga ekki bíl verið ákvörðun? Af hverju er það ekki öfugt – að það sé meiri háttar ákvörðun að fjárfesta í fokdýru, bensínspúandi tæki sem bryður peninga?

MEÐ því að nota eigin orku til að flytja sig á milli húsa – í stað bensínorku – má í ofanálag spara stórar summur í líkamsræktarstöðvum. Þannig má bæði hjóla og græða á daginn og grilla allsvakalega um kvöldið.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

JANÚAR TILBOÐ

ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

ADEINS ÞESSA HELGI

LACIE

8GB MINNISLYKILL

8GB hraðvirkur tveggja rása lamaKey með Gold SIP áferð sem ver hann frá rispum og raka

4.990

MINNISLYKLAR Í MIKLU ÚRVALI

4BLS BÆKLINGUR

STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

LACIE

1TB LACIE FLAKKARI

Orkusparandi og nær hljóðlaus hágæða USB2 flakkari frá LaCie. Hvergi á betra verði!

12.900

1.5TB 16.900 • 2TB 21.900

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

500GB

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari, innb.USB snúra, silfur, blár eða rauður

12.900

LACIE

NÝ SENDING

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

packard bell

TK36 FARTÖLVA

Glæsileg fartölva með 15.6" HD LED skjá, 2GB minni, 320GB harðdisk og alla nýjustu tækni

69.900

HVERGI BETRA VERÐ!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

DÝRKUN Í SUÐSUÐVESTUR Margrét Helga Sesseljudóttir opnar sýningu í Gallerí Suðsuðvestur í Reykjanesbæ klukkan 16 á laugardag. Á sýningunni sýnir hún verk sem hún vinnur hún út frá hugmyndum sem tengjast dýrkun; dýrkun á frægu fólki, helgimyndum og náttúrufegurð svo fátt eitt sé nefnt. Sýningin er innsetning unnin úr fundnum efnum, teikningum og skúlptúr. Margrét Helga útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2010.

Mozarts minnst

Í tilefni af fæðingardegi Wolfgangs Amadeusar Mozart verða haldnir tónleikar á Kjarvalsstöðum klukkan 17 í dag. Á efnisskránni verða fluttar píanósónötur í D-dúr KV. 311 og a-moll KV. 310 ásamt Duport-varíasjónunum. Þá verða einnig fluttar tvær sónötur fyrir píanó og fiðlu.

Flytjendur eru píanóleikararnir Ástríður Alda Sigurðardóttir, Birna Hallgrímsdóttir, Aladár Racz og Krystyna Cortes ásamt Laufeyju Sigurðardóttur fiðluleikara. Atli Heimir Sveinsson mun spjalla um tónskáldið og tónlistina sem flutt verður.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

19.01.11 - 25.01.11

1 Svar við bréfi Helgu
Bergsveinn Birgisson

2 Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir

3 Utangarðsbörn - kilja
Kristina Ohlsson

4 Almanak Háskóla Íslands 2011
Þorsteinn Sæmundsson

5 Eyjafjallajökull
Ari Trausti/Ragnar TH.



6 Furðustrandir
Arnaldur Indriðason

7 Candida sveppasýking
Guðrún G. Bergmann

8 Prjónaklúbburinn - kilja
Kate Jacobs

9 Hlaupahandbókin 2011
Gunnar Páll Jóakimsson

10 Ljósa
Kristín Steinsdóttir

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

DANÍEL BJARNASON Að loknum Myrkum músíkdögum er stefnan tekin til Hollands þar sem Daníel leikur með hljómsveitinni Efterklang á hátíðinni Cross-Linx. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BIRTING FYRIR MYRKRIÐ

Daníel Bjarnason leikur lykilhlutverk á Myrkum músíkdögum sem hefjast í kvöld. Hann stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands og frumflutt verður eftir hann nýtt verk, Birting.

„Þetta er hrein tilviljun," segir Daníel spurður um hvort titillinn á nýjasta verki hans, Birtingu, sé kankvísisleg vísun í Myrka músíkdaga. „Þetta vísar meira í verkið sjálft, lokakaflinn heitir Birting, eða Emergence á ensku."

Daníel hefur unnið að verkinu síðan í haust meðfram öðrum verkum. „En eins og með önnur verk finnst mér erfitt að segja hversu lengi maður vinnur að tilteknu verki, því oft gengur maður með þau lengi í höfðinu og leyfir þeim að malla áður en maður reynir að festa þau á blað."

Myrkir músíkdagar eru einn helsti vettvangur fyrir framsækna nútímatónlist á Íslandi.

„Það er komin mjög rík hefð fyrir þessari hátíð og aragrúi íslenskra verka fluttur þarna. Ef maður vill fylgjast með því sem er að gerast í skrifaðri tónlist er þetta rétta vikan til að vera á landinu."

Daníel vonast til að geta séð sem mest á hátíðinni áður en hann steypir sér í næsta verkefni. „Ég fer til Hollands í næsta mánuði og spila þar með dönsku hljómsveitinni Efterklang á fernum tónleikum á Cross-Linx-hátíðinni."

Árið 2010 var annasamt fyrir Daníel, hann gaf meðal annars út sína fyrstu plötu, Processions, við góðar undirtektir og var hljómsveitarstjórnandi í uppsetningu Íslensku óperunnar á Rigoletto eftir Verdi. Hann sér fram á að árið fram undan verði ekki síður annasamt.

„Það verður kannski aðeins öðruvísi. Ég var mikið að stjórna í fyrra, bæði hér og erlendis, en í ár einbeiti ég mér meira að minni eigin tónlist, að flytja hana á tónleikum auk þess sem það eru tvær nýjar plötur í farvatninu. Þá fyrri vinn ég með Ben Frost og hún kemur væntanlega út með vorinu en sú seinni er sólóplata sem kemur væntanlega út með haustinu."

bergsteinn@frettabladid.is

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Myrkir músíkdagar hafa verið haldnir hér á landi síðan 1980 og eru einn mikilvægasti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar hér á landi. Á dagskránni í ár eru sautján tónleikar og viðburðir sem fara fram víðs vegar í Reykjavík og nágrenni. Á efnisskránni eru meðal annars sinfóníutónleikar, sinfóníettutónleikar, kammertónleikar, kórtónleikar, raftónleikar, einleikstónleikar og fyrirlestrar. Mörg verkanna verða flutt í fyrsta sinn. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á darkmusicdays.is og midi.is

Hvasst og andstyggilegt

Tónlist ★★★

Kvikmyndatónlistarveisla Sinfóníunnar

Benjamin Schwartz stjórnaði

Einhver sniðugur gagnrýnandi skrifaði einu sinni um kvikmyndina Apaplánetan að það væri mynd um apa, gerð af öpum fyrir apa.

Það getur vel verið. En tónlistin við Apaplánetuna, sem er eftir Jerry Goldsmith, er síður en svo apaleg. Hún er metnaðarfull, byggist mikið á flóknum slagverkshendingum sem skapa óhugnanlegt, villimannslegt andrúmsloft.

Tónlistin kom vel út í kvikmyndatónlistarveislu Sinfóníunnar á fimmtudagskvöldið. Slagverksleikararnir voru með allt sitt á tæru, samspilið flott og stígandin markviss.

Best er að segja það bara strax: Þetta voru yfirleitt skemmtilegir tónleikar. Ekki síst fyrir sniðugheit hljómsveitarstjórans, Benjamin Schwartz. Hann kynnti hvert atriði og kryddaði mál sitt með bröndurum sem hittu beint í mark. Og hljómsveitin spilaði flest prýðilega.

Fyrir hlé fékk maður að heyra nokkur verk eftir „föður kvikmyndatónlistarinnar", Erich W. Korngold, við gamlar myndir sem Errol Flynn lék í. Það er glæsileg músík sem naut sín ágætlega í vandaðri spilamennskunni.

Hljómsveitarsvíta úr Psycho var líka mögnuð. Tónlistin við morðsenuna í sturtunni, þar sem skrækur tónn fiðlanna kallar fram mynd af beittum hníf, var svo hvöss og andstyggileg að það var líkamlega óþægilegt. Dagskráin eftir hlé heppnaðist ekki eins vel. Verk Jonny Greenwood, sem er gítar- og hljómborðsleikari í Radiohead, byrjaði þó ágætlega. Strengjaniðurinn í upphafi var dimmur og grípandi. Verkið, Popcorn Superhet Receiver, var notað í kvikmyndinni There Will Be Blood. Ein og sér virkaði tónlistin dálítið flatneskjuleg á tónleikunum. Það gerðist minna en maður bjóst við. Stemningin var vissulega mergjuð, en framvindan fullhæg. Sennilega hefði verið nauðsynlegt að heyra músíkina í almennilegum sal til að öll fínlegu blæbrigðin skiluðu sér til fulls.

James Bond syrpa var ekki heldur nógu flott. Málmblásararnir spiluðu of margar feilnótur til að kúlheitin skiluðu sér.

Hins vegar var tónlistin úr Guðföðurnum og Stjörnustríðum flott í meðförum hljómsveitarinnar. Maður hálfpartinn vonaði að Svarthöfði kæmi og stæli senunni eins og í fyrra, en því var ekki að heilsa. Kannski næst?

Jónas Sen

Niðurstaða: Yfirleitt skemmtilegir tónleikar með tónlist úr nokkrum þekktum bíómyndum. Stjórnandinn, Benjamin Schwartz, var líflegur kynnir.

Sigurjón Brink

1974 – 2011

Blessuð sé minningin um einstakan vin og félaga

Vegna útfarar Sigurjóns Brink í dag, fimmtudaginn 27. janúar,
fellur sýning á Faust niður í kvöld.

VesturPort

ÚTSÖLULOK
allt að 80% afsláttur

Severin poppvél, loftvél *engin transfitusýra*
20%
Áður 5.489
Tilboð 4.391

Ergorapido skaft- og handryksuga
20%
Sparnaður 4.000
Áður 19.900
Tilboð 15.900

Tristar hitablásari 2000w
Sparnaður 2.000
40%
Áður 4.990
Tilboð 2.990

Saltkristals-lampi
25%
Áður 3.999
Tilboð 2.999

Fjölnota ryksugupoki
NÝTT
50%
Áður 1.749
Tilboð 875

Skæri
50%
Áður 389
Tilboð 195

Tristar salt og piparkvörn 2saman
33%
Áður 5.990
Tilboð 3.990

Tristar mínutugrill
Sparnaður 2.500
23%
Áður 10.990
Tilboð 8.490

Knopex viðarútvarp
25%
Áður 7.995
Tilboð 5.995

HÆKKUM AFSLÁTTINN
Bætum við vörum, hundruð vara á útsölu.
Sumar vörur á rýmingarsölu.

Babyliss hárklippur 22 stk sett
Sparnaður 4.000
40%
Áður 9.999
Tilboð 5.999

Garmin bílaleiðsögutæki NUVI1440
20%
Sparnaður 8.998
Áður 44.990
Tilboð 35.992

Severin blandari
Sparnaður 2.000
22%
Áður 8.990
Tilboð 6.990

Tristar rakatæki ultrasonic
23%
Áður 12.990
Tilboð 9.990

Tristar vöfflu-járn - *stórar vöfflur*
Sparnaður 4.000
40%
Áður 9.990
Tilboð 5.990

Bodum ferðapressukrús
40%
Áður 2.497
Tilboð 1.499

Severin brauðrist
20%
Áður 5.999
Tilboð 4.799

Nákvæmnis skrúfjárnasett
50%
Áður 1.499
Tilboð 750

Cuisine eldhúsvog
70%
Áður 1.999
Tilboð 600

Innkaupapoki nylon-niðsterkur
50%
Áður 1.242
Tilboð 621

Exquisit frysti-skápur 165 lítra 144cm
24%
Sparnaður 20.000
Áður 84.900
Tilboð 64.900

Exquisit frystiskápur 80 lítra 85cm
42%
Sparnaður 25.000
Áður 59.900
Tilboð 34.900

byggt og búið
Sími 568 9400 KRINGLUNNI

fólk
folk@frettabladid.is



CHRISTOPHE JOSSE Fallegur og látlaus kjóll úr léttu, gegnsæju efni. Skórnir og hárgreiðslan minna einnig á ballerínu.
NORDICPHOTOS/GETTY

CHRISTIAN DIOR Þótt þessi kjóll sé ekki til að dansa í er hann fjöðrum skreyttur og virðist laufléttur og dásamlegur.

FJAÐRIR OG TJULL

Tískuvikunni í París lýkur í dag en þar hafa tískuhúsin sýnt Haute Couture línur sínar fyrir vor 2011. Línurnar voru stórkostlegar og flíkurnar ýktar og mikilfenglegar að venju. Athygli vakti að margar flíkurnar minntu svolítið á fatnað ballettdansmeyja þar sem tjull, fjaðrir og flæðandi efni var í hávegum haft og er það athyglisvert í ljósi velgengni kvikmyndarinnar Black Swan.
- sm



CHANEL Kjóll frá meistara Lagerfeld. Vorlína hans einkenndist meðal annars af flæðandi kjólum sem þessum.

ALEXIS MABILLE Það var vinsælt að bera hárið í fallegum hnút aftan á hnakkanum líkt og sjá má.

Klassískt þungarokk

Klassískt menntaði píanóleikarinn Vika Yermoleva og trommarinn Brian Viglione úr hljómsveitinni The Dresden Dolls leiða saman hesta sína á Sódómu á laugardagskvöld.

Þau komust í samband á netinu og ákváðu að mætast miðja vega milli heimalanda sinna tveggja. Þess vegna koma þau fram í fyrsta skipti hér á landi. Á efnisskránni er klassískur metall eftir þungarokkssveitir eins og Slayer, Pantera og Metallica, auk nýrra efnis. Hljómsveitin Mammút byrjar kvöldið og spilar efni af væntanlegri plötu sinni.

VIGGIE OG VIKA Vika Yermileva og Brian Viglone leiða saman hesta sína á laugardagskvöld.

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

THE GREEN HORNET 3D	kl. 5.25 - 8 - 10.35	12
THE GREEN HORNET 3D LÚXUS	kl. 5.20 - 8 - 10.35	12
BURLESQUE	kl. 8 - 10.35	L
ALFA OG ÓMEGA 3D	kl. 3.30	L
THE TOURIST	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
GULLIVER´S TRAVELS 3D	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
GAURAGANGUR	KL. 5.50	7
MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	KL. 3.40	L
NARNIA 3 3D	KL. 3.30	7

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is — AFSLÁTTUR 5%

BURLESQUE	KL. 10.30	L
GAURAGANGUR	KL. 5.50 - 8	7
LÍFSLÖNGUN	kl. 6 Enskur texti	L
BARA HÚSMÓÐIR	kl. 10.35 Enskur texti	L
HVÍTAR LYGAR	kl. 8 Íslenskur texti	L
ÆVINTÝRI ADÉLE BLANC-SEC	kl. 8 Íslenskur texti	L
VELKOMIN	KL. 5.50 Enskur texti	L
LEYNDARMÁL	KL. 6 Enskur texti	L
EINS OG HINIR	KL. 10 Enskur texti	L
SKRIFSTOFUR GUÐS	KL. 10.10 Enskur texti	L

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

THE GREEN HORNET 3D	kl. 8 - 10.10	12
BURLESQUE	kl. 8 Síðasta sýning	L
ALFA OG ÓMEGA 3D	kl. 6	L
THE TOURIST	kl. 10.10 Síðasta sýning	12
GAURAGANGUR	KL. 6 Síðasta sýning	7

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is AFSLÁTTUR 5%
facebook / smarabio • facebook / haskolabio

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

THE GREEN HORNET 3D	8 og 10.20	16
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI 3D	6	L
SAW 3D - ÓTEXTUÐ	8 og 10	12
LITTLE FOCKERS	6, 8 og 10	L
ALFA OG ÓMEGA 3D - ISL TAL	6	L

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	14
KLOVN - THE MOVIE	kl. 8 - 10:20	VIP
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D ísl. Tali	kl. 5:50	L
ROKLAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
YOU AGAIN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
HEREAFTER	kl. 5:30 - 8 - 10:40	12
HARRY POTTER	kl. 8	10
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 10:40	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

TANGLED-3D ísl tal	kl. 5:50	L
YOU AGAIN	kl. 8	L
ROKLAND	kl. 10:10	12
KLOVN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	14

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

GREEN HORNET-3D	kl. 5.20 - 8 og 10.40	12
KLOVN: THE MOVIE	kl. 5.30 - 8 og 10.15	14
ROKLAND	kl. 8 og 10.30	12
TANGLED-3D ísl. Tali	kl. 5.30	L
GUILIVERS TRAVEL-3D	kl. 5.30	L
HEREAFTER	kl. 8	12
TRON: LEGACY-3D	kl. 10.40	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 9 - 10:10	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali	kl. 6:20	L
TANGLED-3D (Ótextuð) M/ Ensku	kl. 8	L
YOU AGAIN	kl. 8 - 10:20	L
MEGAMIND M/ ísl. Tali	kl. 5:50	L

THE FIGHTER Mark Wahlberg og Christian Bale í hlutverkum í sínum í hnefaleikamyndinni The Fighter.

Írskur boxari og stamandi konungur í kvikmyndahús

Fjórar kvikmyndir verða frumsýndar hérlendis á morgun. Tvær þeirra voru á þriðjudag tilnefndar til nítján Óskarsverðlauna samanlagt.

Kvikmyndaunnendur hafa úr fjórum nýjum kvikmyndum að velja þessa helgina. Þær eru The Fighter, The King´s Speech, The Dilemma og From Prada to Nada.

The Fighter er sannsögu-leg hnefaleikamynd með Mark Wahlberg í hlutverki boxarans Micky Ward. Hann var alltaf kall-aður „Sá írski“ og náði að verða heimsmeistari í veltivigt. Myndin segir frá ævintýralegri leið hans að titlinum og samskiptum hans við hálfbróður sinn, fyrrverandi boxarann Dicky, sem lenti ungur á glæpabrautinni og í dópneyslu. Christian Bale fer með hlutverk Dicky á eftirminnilegan hátt og þykir líklegur til að hreppa Ósk-arinn sem besti leikari í aukahlut-verki. Leikstjóri The Fighter er David O. Russell sem hefur áður unnið með Wahlberg við myndirn-ar I Heart Huckabees og Three Kings.

The King´s Speech leiðir kapp-hlaupið til Óskarsverðlaunanna með tólf tilnefningar. Myndin segir frá manni sem seinna varð George VI. konungur Bretlands, og faðir núverandi drottningar, Elísabetar II. Eftir að bróðir hans afsalar sér völdum tekur George, eða „Bert-ie“ eins og hann var kallaður, við krúnunni. Mikið stam plagar hann og hann er engan veginn tilbúinn til að verða konungur. Hann leitar því til óhefðbundins talmeinafræð-ings, Lionels Logue, í von um að fá bót meina sinna.

Colin Firth leikur konunginn og er tilnefndur til Óskarsins rétt eins og meðleikarar hans, þau Geoffrey Rush og Helena Bonham Carter. Leikstjóri The King´s Speech er Tom Hooper sem gerði hina vönduðu sjónvarpsþætti John Adams.

Vince Vaughn, Kevin James og Winona Ryder eru í helstu hlutverkum í gamanmyndinni The Dilemma. Hún fjall-ar um vinina Ronny og Nick sem eiga bílahönnunarfyrir-tæki. Þegar Ronny sér eiginkonu Nicks með öðrum manni vand-ast málin og við tekur skondin atburðarás. Leikstjóri er Ron How-ard, sem hefur sent frá sér mynd-ir á borð við Angels & Demons, Frost/Nixon, The Da Vinci Code og A Beautiful Mind.

From Prada to Nada er rómantísk gamanmynd undir áhrifum frá skáldsögu Jane Austen, Sense and Sensibility. Hún fjallar um tvær systur sem fæðast með silfur-skeið í munni en missa allt þegar faðir þeirra deyr. Aðstæður þeirra gjörbreytast þegar þær þurfa að flytja til fátækrar frænku sinnar í austurhluta Los Angeles.

freyr@frettabladid.is

THE KING´S SPEECH Colin Firth í hlutverki George VI., konungs Bretlands.

Ungmenni á plötu Sönglistar

Ungmenni á aldrinum fimmtán til sautján ára koma við sögu á plöt-unni Sönglistin 2010 sem er nýkom-in út. Á henni eru þrettán innlend og erlend lög. Flytjendur eru eða hafa verið nemendur í söng- og leiklistarskólanum Sönglist.

Þetta er fyrsta platan sem Söng-list gefur út en skólinn var settur á laggirnar 1998.

„Löngunin til að gefa út disk hefur verið á dagskránni í tölu-verðan tíma og við létum verða af því að gera þetta núna,“ segir Erla Ruth Harðardóttir, sem er eigandi Sönglistar ásamt Ragnheiði Hall. „Við erum alsælar með þetta,“ bætir hún við.

Platan átti uppaflega að koma út fyrir jól en lenti, eins og margar aðrar, í hremmingum í Bretlandi vegna óveðursins sem þar geisaði. Lögin eru sungin af Bjarka Lárus-syni, sem er þekktur fyrir lagið Bara þú, Eddu Margréti Erlends-dóttur, Elísabetu Mettu Ásgeirs-dóttur, Rakel Björk Björnsdóttur, Ólöfu Kristínu Þorsteinsdóttur, sem vann Samfés 2009, og Stúlkna-sveitinni Kára?

Útgáfufögnuður vegna plötunn-ar var haldinn í Iðnó fyrir skömmu og gekk hann vonum framar. Erla er þess fullviss að fleiri Söglist-ar-plötur komi út á næstu árum. „Það kemur örugglega aftur disk-ur. Við komumst þangað sem við ætlum okkur, á okkar hraða.“ - fb

EFNILEG UNGMENNI Efnileg ungmenni úr Sönglist flytja þrettán lög á nýju plötunni, eða þau Bjarki, Metta, Edda Margrét, Rakel og Ólöf.

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

RODLAUST OG BEINLAUST (BODS.)	20:10 (OPNUN KL&D)
ÞÖGLAR: DÖGUN (THE SUNRISE) (L)	20:10
AFRÍKUDAGAR (L)	20:10
HERBERGI Í RÓM (HABITACION EN ROMA)(L)	18:00, 22:20
SÚDBYRDINGUR (L)	20:00
UPPÁTÆKI (MICMACS)(L)	18:10, 22:10
EINHVERSSTADAR (SOMEWHERE)(L)	18:10, 22:00
THE NEXT THREE DAYS (12)	18:00
THE SOCIAL NETWORK (L)	22:10

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

BDF
Beiersdorf
NIVEA
95%
of natural origin
PURE & NATURAL
BERST VIÐ HRUKKUR
Á NÁTTÚRULEGAN MÁTA
NÝTT NIVEA PURE & NATURAL ANTI-WRINKLE DAGKREM
• Inniheldur áhrifaríka lífræna arganolíu og lífrænt þykkni úr burdock ávexti sem örvar kollagen framleiðslu húðarinnar
• Minnkar hrukkur og fínar línur sjáanlega, gefur unglegt útlit
• Án parabena, sílikons, litarefna og steinefnaolíu
NIVEA VISAGE pure & natural
NIVEA VISAGE pure & natural ANTI-WRINKLE DAY CARE

sport

sport@frettabladid.is

STUÐNINGSMENN DANMERKUR þurfa að sætta sig við það að undanúrslitaleikur Danmerkur og Spánar fari fram í Kristianstad á föstudagskvöldið. Danir hafa spilað alla sína leiki í Malmö til þessa en Svíar ákváðu að spila sinn undanúrslitaleik gegn Frökkum þar. Fjölmargir Danir voru búnir að kaupa sér miða á undanúrslitaleikinn í Malmö áður en þetta var tilkynnt.

EFNILEG Birna Berg Haraldsdóttir, leikmaður Fram, skoraði eitt mark í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

N1-deild kvenna:

24 marka sigur

HANDBOLTI Sigurbjörg Jóhannsdóttir skoraði 13 mörk fyrir Fram í stórsigri liðsins gegn Fylki í N1-deild kvenna í handbolta í gær. Lokatölur urðu 45-21 fyrir Fram sem komst með sigrinum upp að hlið Stjörnunnar og Vals sem eru einnig með 20 stig eftir 11 umferðir. - seþ

Þýska bikarkepppnin:

Gylfi úr leik

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson og félagar hans úr Hoffenheim eru úr leik í þýsku bikarkeppninni eftir 1-0 tap á útivelli gegn Energie Cottbus í gær. Gylfi var í byrjunarliði Hoffenheim en hann skoraði gegn Gladbach í 2-0 sigri Hoffenheim þegar liðið tryggði sig í átta liða úrslit. Schalke, Bayern München og Duisburg eru einnig komin í undanúrslit keppninnar. - seþ

Enn óvissa með þátttöku Ingimundar

Íslenska landsliðið er komið til Malmö þar sem það mætir Króatíu í leik um fimmta sætið á HM í handbolta. Verður það fjórði leikstaður Íslands í Svíþjóð en strákarnir hafa eytt ófáum klukkustundum í rútu.

HM 2011 Strákarnir okkar hafa mátt ferðast mikið á HM í Svíþjóð og þeir fóru í sína síðustu löngu rútuferð í gær. Þá var setið í rútu í fjóra klukkutíma frá Jönköping til Malmö.

Leikur Íslands og Króatíu fer fram í Malmö en ekki Kristianstad en það hefði kallað á enn meiri ferðalög. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði alla í hópnum fegna yfir því þar sem menn væru búnir að fá nóg af ferðalögum í bili.

Eftir langt og strangt mót eru leikmenn orðnir ansi lemstraðir og sumir verr farnir en aðrir. Allir leikmenn íslenska liðsins fyrir utan Ingimund Ingimundarson ættu þó að vera klárir í slaginn á morgun.

„Svona mót tekur sinn toll af mönnum og það er hnjask hér og þar. Ég hef þó fulla trú á því að allir spili en það skýrist ekki strax hvernig fer með Ingimund. Hann er enn slæmur og fékk mikinn verk við það eitt að reyna að stöðva lyftu sem var að lokast. Hann verður áfram í meðhöndlun og við sjáum svo til," sagði Einar við Fréttablaðið í gær.

Ólafur Stefánsson hefur einnig verið slæmur frá fyrsta leik. Alexander Petersson meiddist næst og loks Snorri Steinn Guðjónsson. Þeir ættu þó að geta spilað þó svo að það muni reynast þeim erfitt.

SLÆM LENDING Ingimundur lenti illa á hnénu í upphafi seinni hálfleiks í leiknum gegn Spáni á mánudaginn eins og sjá má á þessari mynd. Hann missti af leiknum gegn Frökkum í fyrrakvöld og óvíst er hvort hann verður með gegn Króatíu á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Oddur Gretarsson var kallaður í íslenska landsliðið fyrir leikinn gegn Frakklandi í fyrrakvöld og er það fyrsta breytingin sem Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari gerir á leikmannahópnum eftir að mótið hófst. Reglurnar leyfa honum þó að gera eina breytingu til viðbótar og því gæti hann sett Ingimund á skýrslu á ný fyrir morgundaginn.

Leikurinn við Króatíu mun skipta talsvert miklu máli því liðið sem vinnur leikinn fær „þægilegri" riðil í undankeppni Ólympíuleikanna 2012. Einar segir því menn vera staðráðna í að selja sig dýrt gegn Króatíu.

„Þessi hópur stefnir á að komast til London og menn eru vel meðvitaðir um mikilvægi leiksins. Ég efast því ekkert um að strákarnir mæti einbeittir og grimmir til leiks," segir Einar Þorvarðarson.

Viðureign Íslands og Króatíu hefst klukkan 19.30 annað kvöld en fyrr um daginn fer fram í Malmö undanúrslitaleikur Svíþjóðar og Frakklands.

Úrslitaleikurinn sem og leikurinn um bronsið fara svo fram í Malmö á sunnudag.

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason
fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

SIGURMARKIÐ John Pantsil horfir á boltann fara yfir línuna og Raul Meireles fagnaði rétt á eftir.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Annar sigur Liverpool í röð undir stjórn Dalglish:

Lygilegt sjálfsmark frá John Pantsil

FÓTBOLTI Liverpool er á sigurbraut undir stjórn Kenny Dalglish eftir 1-0 sigur gegn Fulham í ensku úrvalsdeildinn í gær. Þetta var annar sigur liðsins undir stjórn Skotans en liðið vann Wolves um síðastliðna helgi 3-0 á útivelli. John Pantsil, leikmaður Fulham, skoraði sjálfsmark á 52. mínútu þar sem atburðarásin var lygileg. Fernando Torres skaut í stöngina og boltinn barst fyrir mark Fulham þar sem allt fór úrskeiðis hjá vörn og markverði Fulham. Meireles gerði sig líklegan til þess að pota boltanum yfir línuna en hann þurfti þess ekki.

Fulham gerði atlögu að vörn Liverpool undir lok leiksins. Norski landsliðsmaðurinn Brede Hangeland átti skalla að marki Liverpool sem var bjargað á línu. Pepe Reina, markvörður Liverpool, bjargaði einnig vel þegar hann varði skot frá Moussa Dembele. Liverpool er komið í 7. sæti deildarinnar með 32 stig en Fulham er í 15. sæti með 26 stig. - seþ

VEISLU VIKA

25.–31. janúar

10 kjúklingabitar
Stór skammtur af frönskum
2 lítra Pepsi

2.990 kr.

HORFÐU Á HM MEÐ KFC

svooogott™

www.kfc.is

0 gr. trans-fita

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

PIPAR\TBWA • SÍA • 110144

Forkeppni Ólympíuleikanna:

Getum komist í léttasta riðilinn

HM 2011 Með sigri gegn Króötum á morgun tryggir Ísland sér 5. sætið á HM í handbolta. Og það sem meira er, liðin sem verða í 4. og 5. sæti í Svíþjóð verða vænt-anlega í léttasta riðlinum í forkeppni Ólympíuleikanna í Lundúnum árið 2012.

ARON PÁLMARSSON

Alls komast tólf lið í forkeppnina og þar af sex af HM. Liðunum verður skipt í þrjá riðla og komast tvö efstu liðin úr hverjum riðli áfram á sjálfa Ólympíuleikana. Tveir af þessum þremur riðlum verða með þremur Evrópuþjóðum en sá þriðji – sem Ísland getur komist í – aðeins með tveimur. Sá riðill yrði einnig með liði frá Ameríkuálfunum og Asíu. Það er því að miklu að keppa í leiknum gegn Króatíu. - esá

IMAGE FUDGE IMAGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.
BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Róbert bætti met Þorgils Óttars

Róbert Gunnarsson er orðinn markahæsti línumaður íslenska handboltalandsliðsins frá upphafi eftir að hann skoraði sitt 568. landsliðsmark í leiknum á móti Frökkum á HM í Svíþjóð á þriðjudagskvöldið.

HM 2011 Róbert Gunnarsson hefur skorað mörk í öllum regnbogans litum af línunni undanfarin átta ár og sum þeirra meira að segja með eftirminnilegum skotum fyrir aftan bak eða úr öðrum nánast ómögulegum aðstæðum. Eitt er víst, þegar boltinn ratar inn á línu þarf alvöru hraustmenni til að koma í veg fyrir að Róbert nái góðu skoti sem síðan endar í markinu.

Róbert er nú orðinn markahæsti línumaður íslenska handboltalandsliðsins eftir að hann sló met Þorgils Óttars Mathiesen í leiknum á móti Frökkum í Jönköping á þriðjudagskvöldið. Þorgils Óttar hafði verið markahæsti línumaður landsliðsins í tæp 24 ár, síðan hann bætti met Björgvins Björgvinssonar árið 1987.

Í KUNNUGLEGRI STÖÐU Róbert hefur skrifað nafn sitt í sögubækur íslenska handboltalandsliðsins. Hér er hann í baráttu á HM í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stoðsendingar frá Arnóri

Róbert jafnaði metið eftir línusendingu frá Arnóri Atlasyni í fyrri hálfleik og bætti það síðan með sínu þriðja marki sínu í leiknum þegar 43 mínútur voru liðnar af honum. Róbert fékk þá aðra línusendingu frá Arnóri og skoraði. Arnór, Aron Pálmarsson og Ólafur Stefánsson hafa hver um sig átt fjórar stoðsendingar inn á Róbert á HM til þessa.

Þorgils Óttar skoraði 567 mörk í 236 leikjum á árunum 1981 til 1990, eða 2,4 mörk að meðaltali í leik. Þorgils Óttar skoraði 255 af mörkum sínum á árunum 1987 til 1988 en hann skoraði 3,23 mörk að meðaltali í 79 landsleikjum á þessum 24 mánuðum. Þorgils Óttar lagði landsliðsskóna á hilluna 28 ára gamall eftir HM í Tékkóslóvakíu en lék reyndar tvo landsleiki seinna á sama ári eftir að forföll urðu í landsliðinu.

Valinn fyrst af Þorbirni

Róbert lék sinn fyrsta landsleik fyrir tíu árum en það var Þorbjörn Jensson sem valdi hann fyrst í landsliðið er hann kallaði saman æfingahóp fyrir HM í Frakklandi 2001. Róbert kom ekkert inn á í fyrstu tveimur landsleikjum sínum, sem voru vináttulandsleikir á móti verðandi heimsmeisturum Frakka á Ásvöllum og í KA-húsinu. Róbert var síðan ekkert með í síðustu sex undirbúningsleikjunum fyrir HM og fór ekki með á HM í Frakklandi. Næstu leikir Róberts voru þrír leikir við Pólverja í æfingaferð milli jóla og nýárs sama ár og á endanum þurfti hann að lokum ellefu leiki til að komast á blað hjá landsliðinu. Fyrsta mark Róberts kom í 36-31 sigri á Dönum í vináttulandsleik í Austurbergi 30. maí 2003.

Róbert hafði verið í kringum hópinn fyrir HM 2001, EM 2002 og HM 2003 en hann fékk sitt fyrsta tækifæri á EM í Slóveníu 2004 og hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu síðan þá. HM í Svíþjóð er níunda stórmótið hans í röð.

Langmarkahæstur á stórmótum

Róbert er nú orðinn sá línumaður sem hefur skorað langflest mörk af línu á stórmótum. Hann hefur nú skorað 159 mörk í 58 leikjum á HM, EM eða Ólympíuleikum en það gera 2,7 mörk að meðaltali. Róbert bætti stórmóta-markamet Geirs Sveinssonar í öðrum leik (á móti Austurríki) á Evrópumótinu í Austurríki á síðasta ári. Sigfús Sigurðsson er síðan þriðji línumaðurinn sem hefur náð að skora hundrað mörk fyrir íslenska landsliðið á stórmótum.

Geir atkvæðamestur á HM

Róbert á samt ekki öll markamet línumanna því Geir Sveinsson er enn sá línumaður sem hefur skorað flest mörk í heimsmeistarakeppni. Geir tók þátt í fimm heimsmeistarakeppnum á árunum 1986 til 1997 og skoraði 87 mörk í 32 leikjum í þeim, eða 2,7 mörk að meðaltali í leik. Róbert vantar þar enn 29 mörk til að ná Geir en Róbert hefur skorað 58 mörk í 23 HM-leikjum, 2,5 mörk að meðaltali í leik.

Landsliðsferill Róberts

2001	5 leikir/0 mörk
2002	2/0
2003	11/15 (1,36 í leik)
2004	28/99 (3,53)
2005	23/103 (4,47)
2006	17/50 (2,94)
2007	24/66 (2,75)
2008	35/100 (2,86)
2009	11/34 (3,09)
2010	21/81 (3,86)
2011	10/22 (2,20)

Róbert hefur mest skorað 103 mörk á einu ári (2005) en hann braut einnig 100 marka múrinn á árinu 2008 þegar hann skoraði 100 mörk í 35 leikjum og vantaði síðan aðeins eitt mark til að komast í hundrað mörk árið 2004. Róbert á alls að baki fjögur landsliðsár þar sem hann hefur skorað 3 mörk eða fleiri að meðaltali í leik. Róbert byrjaði árið 2011 ekki vel en hefur sýnt það með ellefu mörkum í síðustu þremur leikjum að hann er búinn að finna taktinn á ný. Nú er bara að vona að Róbert geti bætt metið verulega á komandi árum.

ooj@frettabladid.is

Markamet línumanna íslenska landsliðsins

Flest mörk línumanna fyrir landsliðið	
Róbert Gunnarsson	570
Þorgils Óttar Mathiesen	567
Geir Sveinsson	494
Sigfús Sigurðsson	321
Róbert Sighvatsson	262
Björgvin Björgvinsson	212

Markahæstur á stórmótum	
Róbert Gunnarsson	159
Geir Sveinsson	113
Sigfús Sigurðsson	100
Róbert Sighvatsson	58
Þorgils Óttar Mathiesen	48

Markhæstur á heimsmeistaramótum	
Geir Sveinsson	87
Róbert Gunnarsson	58
Róbert Sighvatsson	39
Sigfús Sigurðsson	28
Björgvin Björgvinsson	23

World Class ICELAND
Opið allan sólarhringinn í World Class Kringlunni
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spönginni Grafarvogi
Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

Landsliðsfyrirliðinn náði stórum áfanga á bekknum á móti Frökkum:

Ólafur með 100 stórmótsleiki

HM 2011 Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska handboltalandsliðsins, hefur nú náð því að spila hundrað landsleiki fyrir Íslands hönd á stórmótum. Það er gríðarlegt afrek enda ná því ekki margir að spila hundrað landsleiki á ferlinum, hvað þá á stórmótum eins og HM, EM eða Ólympíuleikum.

Landsliðsfyrirliðinn þurfti reyndar ekki að hafa mikið fyrir hlutunum í hundraðasta leiknum eins og í mörgum hinna 99 leikja sem fóru þar á undan. Ólafur hvíldi allan leikinn á móti Frökkum en var á skýrslu og fær því þann landsleik skráðan á sig.

Ólafur er nú á sínu fimmtánda stórmóti með íslenska landsliðinu en hann hefur tekið þátt í sjö heimsmeistarakeppnum (53 leikir, 222 mörk), sex Evrópumótum (33 leikir, 184 mörk) og tvennum Ólympíuleikum (14 leikir, 72 mörk). Það eru að verða liðin sextán ár síðan hann tók þátt í því fyrsta en það var HM á Íslandi í maímánuði 1995. Ólafur skoraði þá 11 mörk í sjö leikjum íslenska liðsins en hefur síðan bætt við 467 mörkum á stórmótum.

FYRIRLIÐINN Ólafur á ótrúlegan landsliðsferil að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur hefur skorað 4,8 mörk að meðaltali í leik í þessum hundrað stórmótaleikjum sínum en hann hefur skorað fimm mörk eða fleiri í 47 leikjanna, skorað átta mörk eða fleiri í átján leikum og alls brotið tíu marka múrinn sjö sinnum.

Ólafur hefur spilað flesta leikina undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar en leikurinn á móti Króatíu verður fimmtugasti stórmótaleikur hans undir stjórn Guðmundar. Hér fyrir neðan má finna staðreyndir um hundrað stórmótaleiki Ólafs. - óój

Ólafur á stórmótum

Fjöldi skoraðra marka í leik	
10 mörk skoruð eða meira	7 leikir
8-9 mörk skoruð	11
6-7 mörk skoruð	16
1-5 mörk skoruð	60
Leikir án þess að skora	6

Þátttaka eftir stórmótum	
HM	53 leikir/222 mörk (4,2 í leik)
EM	33 leikir/184 mörk (5,6 í leik)
ÓL	14 leikir/72 mörk (5,1 í leik)
Samtals	100 leikir/478 mörk (4,8 í leik)

Tvö eins



Nærðu líkamann

Borðaðu trefjaríkt Danskt rúgbrauð

Náðu þér í Danskt rúgbrauð á tvennutilboði í næstu verslun

Nýtt frá Myllunni

Nú færðu tvö Dönsk rúgbrauð á verði eins í næstu verslun. Fáðu þér brauð sem mettar og gefur þér holla orku allan daginn. Náðu þér í Myllutvennu á tilboði í næstu verslun núna.

meira magn sama verð

Tvö eins á verði eins

Nú færð þú tvö Dönsk rúgbrauð á verði eins í næstu verslun

Tilboð gildir til 30.1.2011

> Shia LaBeouf

„Ég vil að almenningur þekki mig fyrir kvikmyndaleik minn, ekki fyrir það hvaða kærustu ég á eða hvaða eiturlyf ég tók eða hvaða klúbb ég sótti."

Shia LaBeouf leikur ungan mann sem flækist inn í áætlanir hryðjuverkasamtaka í spennumyndinni Eagle Eye sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ SIMON-LAUSU AMERICAN IDOL

Engin illkvittni, ekkert gaman

Tíunda þáttaröð American Idol er farin í loftið á Stöð 2 og í fyrsta sinn er Simon Cowell ekki í dómnefndinni. Þegar tilkynnt var um brotthvarf hans á sínum tíma var ljóst að tíðindin gætu orðið upphafið að endalokum Idolsins. Cowell hefur hingað til haldið uppi þáttunum með ummælum sínum sem oft hafa verið hnyttin og illkvittin en ávallt hreinskilin. Fyrir þetta var hann dáður víða um heim og um leið óttuðust keppendur að lenda í klónum á honum. Hann hafði skapað sér ímynd sem illmennið sem hikaði ekki við að eyðileggja drauma falskra ungmenna í von um að finna hið eina sanna Idol.

Vegna vinsælda Cowells þurftu framleiðendur Idolsins að gera eitthvað sérstakt til að halda áhorfinu góðu. Ráðnar voru stjörnurnar Jennifer Lopez og Steven Tyler úr Aerosmith á meðan Randy Jackson var enn á sínum stað. Því miður náði ekkert þeirra að feta í fótspor Cowells í fyrsta þættinum. Lopez var góða týpan sem ekkert þorði að segja og Tyler var hvorki fyndinn né grimmur. Vissulega var gaman að fylgjast með mörgum keppendunum, þó svo að það sé orðið heldur þreytt að hlusta á þá syngja sömu lögin ár eftir ár. En eitthvað vantaði, því stór þáttur í öllu saman er dómgæslan og þar verður einhver Cowell-týpa að vera til staðar til að segja hlutina hreint út og á skemmtilegan hátt.

American Idol hefur lengi verið vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum en áhorfið hefur engu að síður farið dvínandi með árunum. Til að mynda dróst það saman um 13% þar í landi þrátt fyrir tilkomu þeirra Lopez og Tyler. Kannski er gamanið bara búið. Cowell var orðinn þreyttur á öllu saman og kannski eru áhorfendur orðnir það líka.

SJÓNVARPIÐ

15.40 Kiljan
16.35 Sjónleikur í átta þáttum (3:8)
17.20 Magnus og Petski (3:12)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (e)
18.25 Bombubyrgið (16:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Strákarnir okkar (5:6) Í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins verður í þessari þáttaröð leitað að besta handboltaliði Íslands frá upphafi.
21.05 Árekstur (3:5) Breskur myndaflokkur. Harður margra bíla árekstur verður á hraðbraut og breytir lífi allra sem í honum lenda.
21.50 Fum og fát (3:20) Í þessum belgísku hreyfimyndaþáttum ferðast Kúrekinn, Indíáninn og Hesturinn að miðju jarðar og lenda í ótrúlegustu ævintýrum.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Sporlaust (21:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
23.00 Dorrit litla (6:8) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens um erfiða lífsbaráttu fólks í London um 1820. (e)
23.55 Lögin í söngvakeppninni (e)
00.05 Kastljós
00.35 Fréttir
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Madea's Family Reunion
10.00 Notting Hill
12.00 Jurassic Park 3
14.00 Madea's Family Reunion
16.00 Notting Hill
18.00 Jurassic Park 3
20.00 Eagle Eye
22.00 Johnny Was
00.00 No Country for Old Men
02.00 The Man in the Iron Mask
04.10 Johnny Was
06.00 Bjarnfreðarson

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
11.00 Gilmore Girls (1:22)
11.50 The Mentalist (4:23)
12.35 Nágrannar
13.00 Matarást með Rikku (7:10)
13.30 And Then Came Love
15.10 The O.C. 2 (18:24)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.10 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (17:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Tvímælalaust
20.05 Masterchef (4:13) Það er Gordon Ramsay sem leiðir keppnina.
20.55 Mannasiðir Gillz Ný leikin gamanþáttaröð byggð á samnefndum metsölubókum Egils Gillz Einarssonar. Gillz leiðir okkur í sannleika um hvað það er að vera karlmaður og hvernig best er að nálgast hitt kynið.
21.20 NCIS: Los Angeles (23:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum.
22.05 Fringe (1:22) Þáttaröð um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
22.50 Life on Mars (9:17)
23.35 Spaugstofan
00.05 Chase (4:18)
00.50 Numbers (13:16)
01.35 Mad Men (8:13)
02.20 Dungeon Girl
03.45 NCIS: Los Angeles (23:24)
04.30 Fringe (1:22)
05.15 The Simpsons (17:21)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Enski deildabikarinn: Birmingham - West Ham
15.00 Þýskaland - Noregur Útsending frá leik Þjóðverja og Norðmanna í milliriðli 1 á HM í handbolta.
16.35 Króatía - Pólland Útsending frá leik Króata og Pólverja í milliriðli 2 á HM í handbolta.
18.10 Frakkland - Ísland Útsending frá leik Íslendinga og Frakka í milliriðli 1 á HM í handbolta.
19.45 Samantekt Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.
20.45 Enski deildabikarinn: Birmingham - West Ham
22.30 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.20 European Poker Tour 6 - Pokers

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Liverpool - Fulham
16.30 QPR - Coventry Útsending frá leik Queens Park Rangers og Coventry í ensku B-deildinni.
18.15 Newcastle - Tottenham Útsending frá leik Newcastle United og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
20.00 Premier League World 2010/11
20.30 Diego Simeone Argentínumaðurinn Diego Simeone er hvað frægastur fyrir að hafa fiskað David Beckham af velli á HM 1998 í Frakklandi en þessi magnaði leikmaður verður kynntur nánar í þessum frábæra þætti.
20.55 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
21.25 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
22.25 Fulham - Stoke

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (100:175)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.30 7th Heaven (6:22)
16.15 Dr. Phil (101:175)
17.00 HA? (1:12)
17.50 Single Father (4:4)
18.50 Real Hustle (16:20)
19.15 Game Tíví NÝTT! (1:14)
19.45 Whose Line is it Anyway?
20.10 The Office (22:26)
20.35 30 Rock (8:22)
21.00 House (22:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House.
21.50 CSI. Miami (17:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
22.40 Jay Leno
23.25 Good Wife (1:23) Önnur þáttaröð The Good Wife þar sem Alicia er hin góða eiginkona.
00.00 Game Tíví (1:14)
00.15 The L Word (6:8) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
00.30 Pepsi MAX tónlist
01.05 Harper's Island (1:13) Glæný og hörkuspennandi þáttaröð sem fær hárin til að rísa.
01.55 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

11.25 Golfing World (7:240)
13.05 Bob Hope Classic (4:5)
16.05 PGA Tour - Highlights (3:45)
17.00 Golfing World (8:240)
17.50 Golfing World (9:240) SkjárGolf sýnir daglegan fréttaþátt, alla virka daga, þar sem fjallað er um allt það nýjasta úr heimi golfsins.
18.40 Champions Tour - Highlights (1:25)
19.35 Inside the PGA Tour (4:42)
20.00 Farmers Insurance Open (1:4)
23.00 Golfing World (9:240)
23.50 ESPN America
00.15 Golfing World (9:240)
06.00 ESPN America

EXTRA

19.50 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
20.35 Unhitched (4:6) Þessir frábæru grínþættir segja frá vinum af báðum kynjum á fertugsaldri sem nýlega eru einhleypir og reyna að fóta sig í nýjum aðstæðum.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Pretty Little Liars (11:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
22.35 Grey's Anatomy (10:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
23.20 Medium (18:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
00.05 Nip:Tuck (16:19)
01.25 Unhitched (4:6)
01.50 The Doctors
02.30 Fréttir Stöðvar 2
03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Samningar og sitt af hverju.
21.00 Undir feldi Heimir og Frosti um EBS frá öllum hliðum og köntum.
21.30 Rokk og tjatjatja Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engu lík.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

ÁRNI HJÖRVAR OG THE VACCINES REYNA AÐ STANDAST VÆNTINGAR

– Hljómsveitinni er spáð miklum frama í Bretlandi en Árni og félagar eru með báða fætur á jörðinni.

ÍSLENSK TÓNLIST Í VERSTU MYND ÁRSINS

BIGGI Í SUNDLAUGINNI OG GRÆJURNAR HANS

TÖLVULEIKIR, TÓNLIST OG KVIKMYNDIR

POPP

FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55
Mannasiðir Gillz

Bráðfyndin, leikin þáttaröð. Egill Gillz Einarsson leiðir áhorfendur í sannleikann um hvað það er að vera karlmaður. Meðal leikara eru Björn Hlynur Haraldsson, Steindi Jr., Jóhannes Haukur, Víkingur Kristjánsson, Egill Ólafsson, Gísli Örn Garðarsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Jóhann G. Jóhannsson, Kjartan Guðjónsson, Halldór Gylfason, Edda Björgvinsdóttir, Jörundur Ragnarsson og margir fleiri.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Víttogbreitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Uppbyggilegar dánarfregnir og skemmtilegar jarðarfarir **23.07** Smásaga: Þriðja staupið **23.20** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.30 Waterloo Road **11.20** EastEnders **11.50** Doctor Who **12.35** Deal or No Deal **13.15** Deal or No Deal **13.50** Whose Line Is It Anyway? **14.15** Whose Line Is It Anyway? **14.40** Only Fools and Horses **15.10** Only Fools and Horses **15.40** Doctor Who **16.25** New Tricks **17.05** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Lead Balloon **20.30** Little Dorrit **21.20** Little Britain **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway?

DR 1

13.00 Vores Liv **13.30** Undercover chef - CRH-Concrete **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **16.55** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Bag Facaden **19.30** Blod, sved og T-shirts **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt med VM Håndbold **21.10** BP - i orkanens øje **22.00** SOS **22.50** I Afrikas vulkaner **23.40** Live fra P3-huset på Nytorv

NRK 1

13.00 NRK nyheter **13.05** FBI **13.35** Perspektiv. Og nå. Reklame! **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Det må jeg gjøre før jeg dør **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Tid for tegn **16.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ikke gjør dette hjemme **19.15** Anne & Ronny møter 8 med vilje **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Sognepresten **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Jordmødrene

SVT 1

10.15 Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Uppdrag Granskning **12.05** Engelska Antikrundan **13.05** Skavlan **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Konståkning. EM **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning **23.30** Simma lugnt, Larry! **00.00** Kören **01.00** Debatt **01.45** La comadre **02.15** Korrespondenterna

SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA Á STÖÐ 2

Misstu ekki af nýjum og spennandi þáttaröðum sem eru að hefja göngu sína á Stöð 2 þessa dagana. Lýstu upp skammdegið á þorranum með ferskri og skemmtilegri blöndu af vandaðri íslenskri dagskrárgerð og vinsælustu skemmti- og dramaþáttum heims. Tryggðu þér áskrift!

ALLT ÞETTA FYRIR 229 KR. Á DAG Tryggðu þér áskrift strax!

ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á STOD2.IS

*STÖÐ 2, STÖÐ 2 BÍÓ OG STÖÐ 2 EXTRA KOSTA AÐEINS 229 KR. Á DAG MEÐ 5% AFSLÆTTI Í STÖÐ 2 VILD

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Það myndi vera Grey's Anatomy. Annars horfi ég mikið á íþróttir."

Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur og handboltaspekingur.

Prikið undirbýr drykkjuspil í tilefni afmælis

Veitinga- og skemmtistaðurinn Prikið er með nýtt borðspil í undirbúningi í tilefni af sextugsafmæli sínu í ár.

„Við ætlum að búa til fylleríssspil í anda Trivial [Pursuit]. Þarna verður fullt af hlutum sem tengjast Prikinu og vitleysunni sem er í gangi þar," segir Finni hjá Prikinu. „Þetta verður fjör, númer eitt, tvö og þrjú. Það verður mikið drukkið í því, býst ég við."

Steinþór Steingrímsson og Ölvir Gíslason, mennirnir á bak við hið vinsæla spil Spurt að leikslokum, hafa verið fengnir til að sjá um spilið. Þeim til halds og trausts við gerð spurninganna verður rokkarinn og borgarfulltrúinn Óttarr Proppé.

Að sögn Finna ætlar Prikið að vera með eitthvað skemmtilegt í gangi í hverjum einasta mánuði í tilefni afmælisins. Ein hugmyndin er að fá eldra fólk til að vinna á barnum í einn dag og einnig að halda dag þar sem eldri borgarar koma fyrri partinn í köku og kaffi og yngra fólk mætir síðan seinni partinn í partí.

Prikið býður upp á fría fimmtudaga einu sinni í mánuði í janúar, febrúar og mars, eins og undanfarin ár. Þá eru í boði ókeypis hamborgarar, franskar og kók á meðan birgðir endast. Þetta ómótstæðilega tilboð hefst klukkan 11 í dag. „Mig minnir að við höfum gert 380 hamborgara í fyrra á þremur tímum. Þetta er bara stuð og brjálað að gera en skilyrði er að fólkið sem mætir sé kurteist," segir Finni. - fb

PRIKIÐ 60 ÁRA Í ÁR Finni og félagar á Prikinu eru með nýtt borðspil í undirbúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigraði í prjónaðri brók frá mömmu

„Ég held að það verði erfitt að toppa þetta," segir Guðni Þorri Egilsson, nýkrýndur „Þorri landsmanna" 2011.

Ölgerðin efndi til keppni um nafnbótina í tilefni bóndadagsins en þann dag kom Egils Þorrabjór í áfengisverslanir. Allir sem báru nafnið Þorri voru gjaldgengir í keppnina og skráðu fjölmargir Þorrar sig til leiks. Guðni Þorri þótti hins vegar bera höfuð og herðar yfir aðra Þorra, enda var hann einungis klæddur þingeyskum boxer-nærbuxum sem móðir hans, Sigurlína Jóhanna, prjónaði á hann.

„Mamma er að selja svona buxur, svo það var fínt að auglýsa þá gömlu aðeins," segir Guðni Þorri og hlær. „Annars var þetta aldrei nein spurning. Þú ættir bara að sjá myndirnar af hinum strákunum, þetta segir sig sjálft," segir Guðni Þorri í léttum dúr, en það kom í hlut Egils „Gillz" Einarssonar að velja sigurvegarann. - ka

ÞJÓÐLEGUR ÞORRI Guðni Þorri er að eigin sögn fallegasti kjötiðnaðarmaður landsins, en hann framleiðir þorramat fyrir Melabúðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BALTASAR KORMÁKUR: KOMINN MEÐ HÚS Í NEW ORLEANS

Hollywood-stjörnurnar taka vel á móti Baltasar

„Okkur hefur gengið mjög vel. Við erum komin vel inn í aðra viku og það er allt á plani, bæði hvað varðar tökur og fjárhagsáætlun, þannig að ég gæti ekki verið sáttari," segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri.

Hann er nú staddur í New Orleans þar sem tökur á Contraband, amerísku útgáfunni af Reykjavík-Rotterdam, standa yfir. Baltasar er kominn með hús í borginni enda segist hann ekki geta hugsað þá hugsun til enda að búa á hóteli í allan þennan tíma. „Og maður fer bara heim strax eftir vinnu til að sofa enda langir vinnudagar, það eru tökur í tólf tíma og svo tekur alltaf sinn tíma að undirbúa allt. Ef maður á síðan frí er maður bara að skipuleggja næstu daga."

Baltasar er núna einn úti á meðan fjölskyldan er heima á Íslandi. Hann segir það vissulega erfitt. „Þau voru hérna hjá mér á meðan undirbúningurinn var í fullum gangi, fóru í skóla í New Orleans og lærðu smá ensku. Sem var bara gott," segir Baltasar.

Hann ber New Orleans vel sögunna. „Það er flottur „fílingur" í borginni, hún er mun nær Evrópu en aðrar amerískar borgir, það er blús í loftinu en ekki þessi vanillulykt eins og í mörgum öðrum bandarískum borgum."

Þótt Baltasar sé eini Íslendingurinn á tökustað, enn sem komið er, er hann ekki alveg yfirgefinn. „Elísabet Ronaldsdóttir grófklippir efnið með mér og svo er Aron Hjartarson frá eftirvinnslufyrirtækinu Framestore að fylgjast með. Íslenska útibúið mun sjá um eftirvinnslu myndarinnar þegar þar að kemur og það er auðvitað frábært fyrir mig að geta fylgst með því heima á Íslandi." Baltasar kveðst annars ekki hafa yfir neinu að kvarta en kveðst þó sakna íslenskunnar, það geti stundum tekið á að gefa skipanir á ensku alla daga.

Eins og margoft hefur komið fram leikur Mark Wahlberg aðalhlutverkið í myndinni en hann er einnig einn af framleiðendum myndarinnar. Baltasar segir samstarfið við stórstjörnuna hafa gengið vonum framar, Wahlberg hafi í einu orði sagt verið frábær. Leikarinn hefur engu að síður haft í mörg horn að líta þennan fyrsta mánuð ársins því kvikmynd hans The Fighter, sem hann leikur bæði aðalhlutverkið í og framleiðir, hefur verið tilnefnd til allra helstu kvikmyndaverðlauna Bandaríkjanna: Golden Globe og nú síðast Óskarsverðlauna en þar var hún tilnefnd til sjö verðlauna, þar á meðal sem besta myndin. „Hann er búinn að vera mikið á ferðinni, flýgur til Los Angeles á föstudagskvöldum og kemur aftur á sunnudögum. En þetta er auðvitað alveg frábært fyrir hann og hann er búinn að eiga virkilega gott ár."

freyrgigja@frettabladid.is

GÆTI EKKI VERIÐ SÁTTARI Kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur segir að tökur á endurgerð Reykjavík-Rotterdam gangi vel í New Orleans. Samstarf hans og stórstjörnunnar Mark Wahlberg hefur verið með ágætum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hot Yoga
Spinning
Freestyle Step
World Class ICELAND

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Lér konungur (Stóra sviðið)
Fim 27.1. Kl. 20:00 | Lau 12.2. Kl. 20:00
Fös 28.1. Kl. 20:00 | Fim 17.2. Kl. 20:00
Fös 11.2. Kl. 20:00 | Fös 25.2. Kl. 20:00

Gerpla (Stóra sviðið)
Mið 26.1. Kl. 20:00 Aukasýn. U
Sun 30.1. Kl. 20:00 Síð.sýn. U

Íslandsklukkan (Stóra sviðið)
Lau 29.1. Kl. 19:00 U | Fös 18.2. Kl. 19:00 | Lau 12.3. Kl. 19:00
Fös 4.2. Kl. 19:00 | Lau 19.2. Kl. 19:00 | Fim 17.3. Kl. 19:00
Lau 5.2. Kl. 19:00 | Mið 2.3. Kl. 19:00
Mið 9.2. Kl. 19:00 | Mið 9.3. Kl. 19:00

Ballið á Bessastöðum (Stóra sviðið)
Fim 3.2. Kl. 18:00 U | Sun 20.2. Kl. 14:00 | Sun 6.3. Kl. 17:00
Sun 6.2. Kl. 14:00 | Sun 20.2. Kl. 17:00 | Sun 13.3. Kl. 14:00
Sun 6.2. Kl. 17:00 | Sun 27.2. Kl. 14:00 | Sun 13.3. Kl. 17:00
Sun 13.2. Kl. 14:00 | Sun 27.2. Kl. 17:00 | Sun 20.3. Kl. 14:00
Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 6.3. Kl. 14:00

Brák (Kúlan)
Sun 6.2. Kl. 20:00 | Lau 12.2. Kl. 20:00
Fös 11.2. Kl. 20:00 | Sun 13.2. Kl. 20:00

Fíasól (Kúlan)
Sun 30.1. Kl. 13:00
Sun 30.1. Kl. 15:00 Allra síð.sýn.

Sindri silfurfiskur (Kúlan)
Sun 6.3. Kl. 13:00 | Sun 13.3. Kl. 13:30
Sun 6.3. Kl. 14:30 | Sun 13.3. Kl. 15:00

Höddi Magg fékk sjokk í Svíþjóð

„Þetta er nokkuð sem ég hef aldrei gert áður, ég hef hvorki farið sem fréttamaður né áhorfandi á stórmót þannig að þetta hefur verið mikið ævintýri. En um leið höfum við, ég og Björn Sigurðsson aðstoðarmaður minn, líka verið á þönum allan tímann þannig að þetta hefur verið ákaflega lýjandi um leið," segir Hörður Magnússon íþróttafréttamaður.

Hörður hefur lýst öllum leikjum íslenska landsliðsins á HM í handbolta sem fer nú fram í Svíþjóð. Og þar hafa svo sannarlega skipst á skin og skúrir. Landsliðið fór á kostum í fyrstu fimm leikjunum sínum, vann þá alla með nokkrum glæsibrag og Hörður neitar því ekki að hann hafi farið á ákveðið flug sjálfur í kollinum. „Maður var auðvitað farinn að leiða hugann að því að maður gæti verið að upplifa eitthvað einstakt, gæti jafnvel lýst úrslitaleik Íslands á HM."

En svo kom leikurinn gegn Þjóðverjum sem reyndist vera hálfgert rothögg fyrir „strákana okkar". „Ég get alveg viðurkennt að eftir Þjóðverjaleikinn leit ég út um gluggann á hótelherberginu og fann hvað ég var gjörsamlega búinn á því, vonbrigðin voru rosaleg. Mér finnst því ekkert skrítið að leikmennirnir skuli hafa tekið þetta inn á sig."

Hörður er þó ekki í neinum vafa að þegar fram líði stundir eigi menn eftir að horfa á þennan árangur liðsins með aðdáun. „Að ná silfri á Ólympíuleikum, bronsi á Evrópumóti og kannski fimmta sæti á HM er einstakur árangur og ég er ekkert viss um að þetta verði nokkurn tímann toppað." - fgg

SKIN OG SKÚRIR Hörður Magnússon hélt að Íslendingar gætu orðið heimsmeistarar eftir frábært gengi í upphafi móts. Hann fékk hins vegar áfall þegar vonbrigðin eftir Þjóðverjaleikinn helltust yfir hann. Hér er Hörður að lýsa Frakkaleiknum í fyrrakvöld.

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN! – SÍÐASTA VIKA LAGERSÖLUNNAR!

LAGERSALA MÚRBÚÐARINNAR

SMIÐJUVEGI 72

- Flísar og parket
- Hreinlætistæki
- Rafmagnsverkfæri
- Stálvaskar

MIKIÐ ÚRVAL

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

CBM brún 33x33cm
1.490 kr. pr. m²

50% afsláttur af FOSTER stálvöskum MIKIÐ ÚRVAL

NOKKUR VERÐDÆMI:

VITRA S50 handlaug 60 cm
4.790

CERAVIT WC m/innbyggðum veggh. kassa, hnappur og seta
24.900

NIZA innrétting með spegli. Græn og blá.*
11.450

44x25x44 cm, spegill 35x80 cm
* blöndunartæki ekki innifalin

Sturtuklefi með botni FC 506
29.900



MOM gólf- og veggflís 20x40cm
1.690 kr. pr. m²

Sunrise Sand 33x66cm
1.790 kr. pr. m²



Ardesia beige 30x60cm
1.790 kr. pr. m²



Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm
2.990 kr. pr. m²

Gólfflís stonegrey 50x50cm
1.690 kr. pr. m²

ATH!

Smiðjuvegi 72, Kópavogi

(hjá Sólningu)

Opið kl. 13-18 mánud.- föstud. laugardag kl. 10-16

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

NÝTT ÍSLENSKT

GOSVERKSMIÐJAN ★ KLETTUR

www.gosogvatn.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Menningarheimar mætast

Alþingi kaus nýja stjórn Ríkisútvarpsins í gær. Ekki voru þó gerðar miklar breytingar á málum, því flestir stjórnarmeðlimir munu fá að sitja áfram sem fastast. Helstu fréttirnar eru þó þær að Kristín Edwald lögfræðingur vék úr stjórnarsæti og hleypti að **Magnúsi Geir Þórðarsyni** leikstjóra. Kristín var formaður yfirkjörstjórnar Reykjavíkur í síðustu kosningum og starfar einnig sem formaður Lögfræðingafélag Íslands. Magnús Geir var hins vegar leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar til margra ára og starfar nú sem leikhússtjóri Borgarleikhússins. Þannig að hann ætti ekki að vera alls ókunnugur íslenskri menningu. Því ætti Rúv að takast að halda á lofti því hlutverki sínu, enn betur en áður.

Leikkona með blóðeitrun

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, blaðamaður Séð og heyrt og leikkona, hefur verið ráðin í aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Makalaus sem fara í loftið á Skjá einum á næstunni. Þeir eru byggðir á samnefndri bók Tobbu Marinós sem naut mikilla vinsælda á síðasta ári. Undirbúningur fyrir þættina hefur staðið yfir að undanförnu en veikindi Lilju Katrínar, sem fékk skæða blóðeitrun í tána, hafa sett strik í reikninginn. Hún er nú á batavegi og getur því fljótlega farið að setja sig í gírinn fyrir hlutverkið. Á meðal annarra leikara í þáttunum verða Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Birgitta Birgisdóttir, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. - sv, - fb

Mest lesið VISIR.IS

1. Prestur vísaði barni á geðdeild vegna gagnrýni á kirkjuna
2. Gerir það gott í Hollywood
3. Þungarokkið bjargaði lífi norsks drengs
4. Lögreglan vildi ekki hneyksla almenning
5. Séra Örn biðst fyrirgefningar - vissi ekki að drengurinn væri ólögráða

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Korfu Gríska draumaeyjan

Nýjung!

Nýr og ómótstæðilegur áfangastaður

Flugsæti

Verð frá 79.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar 28. maí.
* Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

BEINT MORGUNFLUG MEÐ ICELANDAIR Í ALLT SUMAR

Flugáætlun

28. maí	9. júlí	23. ágúst
7. júní	23. júlí	24. sept.
18. júní	2. ágúst	1. okt.
28. júní	13. ágúst	

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is



Louis Corcyra Beach ★★★★

Louis Corcyra Beach er gott fjögurra stjörnu „allt innifalið" hótel, vel staðsett við ströndina í bænum Gouvia. Einungis um 5 mín. göngufjarlægð frá miðbæ Gouvia.
Fallegt útsýni er yfir Gouvia-flóann og á hótelinu er barnaklúbbur og skemmtidagskrá.

Verð frá 155.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní.
Allt innifalið. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 184.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 165.900 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 194.900 kr. m.v. 2.

Ipsos Beach ★★★

Ipsos Beach hótel er snyrtilegt þriggja stjörnu hótel , einungis 50 til 80 metrum frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnarlaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágætri aðstöðu.

Verð frá 119.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 10 nætur, 18. júní.
Hálft fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 126.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 129.900 m.v. 2+1. Verð án Vildarpunkta 136.900 m.v. 2

Helion íbúðir ★★★

Helion íbúðagarðurinn samanstendur af sjö tveggja hæða byggingum í stórum og snyrtilegum garði, sem liggur niður að strönd og er stutt frá miðbænum í Gouvia. Gestamóttaka og smáverslun eru í sérhúsi og í garðinum er sameiginlegt sundlaugarsvæði með sólbaðsaðstöðu og snakkbar fyrir öll húsin.

Verð frá 120.190 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní
Verð á mann m.v. 2 í íbúð: 130.920 og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta 130.190 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 140.920 kr. m.v. 2.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 53391 01/11

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Fréttaskýrsla

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita VITA er lífið